



Barnvæn sveitarfélög

Handbók fyrir umsjónarmenn



unicef 
fyrir öll börn

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Nokkrir nytsamlegir hlekkir	32
Hugmyndafræði og innleiðingarferli	5	Viðauki 1: Hlutverk umsjónarmanns og stýrihóps	33
Um Barnvæn sveitarfélög	6	Viðauki 2: Fundardagskrá stýrihóps	37
Svona höfum við áhrif	7	Viðauki 3: Leiðbeinandi spurningalistar fyrir stýrihóp	40
Barnvæn sveitarfélög og innleiðing farsældarlaganna	8	Grunnpáttur 1: Þekking á réttindum barna	40
1. Þekking á réttindum barna	9	Grunnpáttur 2: Það sem er barninu fyrir bestu	42
2. Það sem er barninu fyrir bestu	10	Grunnpáttur 3: Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna	43
3. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna	11	Grunnpáttur 4: Þátttaka barna	46
4. Þátttaka barna	12	Grunnpáttur 5: Barnvæn nálgun	48
5. Barnvæn nálgun	13	Viðauki 4: Drög að kynningarbréfum vegna spurningakannana	52
Innleiðingarferlið	14	Kynningarbréf fyrir foreldra	52
1. skref – Staðfesting	15	Kynningarbréf fyrir börn	53
2. skref – Stöðumat	19	Kynningarbréf fyrir starfsfólk	54
3. skref – Fræðsla	22	Viðauki 5: Leiðbeiningar fyrir barnaþing	55
4. skref – Aðgerðaáætlun	23	Viðauki 6: Samtal við sérfræðihópa barna og ungmenna	58
5. skref – Framkvæmd	26	Viðauki 7: Leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar	65
6. skref – Skýrsla	27	Viðauki 8: Leiðbeiningar við gerð lokaskýrslu	67
7. skref – Mat og viðurkenning	28		
8. skref – Ný markmið og endurmat	31		

Inngangur

Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans á Íslandi 2013 jókst eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans til muna. Sveitarfélögin voru í þeim hópi sem kölluðu eftir slíku en þau þurfa á stuðningi að halda þar sem þau sinna stærstum hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna og ungmenna. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi, í samstarfi við umboðsmann barna árið 2016, að þróa verkefnið Barnvæn sveitarfélög. UNICEF hefur umsjón með verkefninu og veitir starfsfólki og kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna ráðgjöf og fræðslu.

Þann 18. nóvember 2019, í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, þáverandi félags- og barnamálaráðherra og Bergsteinn Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið við innleiðingu verkefnisins undir formerkjunum Barnvænt Ísland. Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að markvissum stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ætlunin er að íslensk stjórnvöld og þ.m.t. öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Í dag er verkefnið stutt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.




Hugmyndafræði og innleiðingarferli

Verkefnið Barnvæn sveitarfélög byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative (CFCI), sem hefur verið innleitt í þúsundum sveitarfélaga um allan heim frá 1996. Verkefnið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og frá UNICEF í Finnlandi.

Sveitarfélög sem taka þátt og innleiða Barnasáttmálann geta hlotið viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferlið tekur að minnsta kosti tvö ár og skiptist í átta skref sem sveitarfélag stígur, með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir og komist til framkvæmda.

Viðurkenningin gildir í þrjú ár en til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að þremur árum liðnum.



Um Barnvæn sveitarfélög

Hvað eru Barnvæn sveitarfélög?

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem rekið er af UNICEF á Íslandi sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi.

Hvað felur innleiðing Barnasáttmálans í sér?

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess.

Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður sáttmállinn aldrei að fullu innleiddur í íslenskt samfélag nema í samstarfi við sveitarfélögin í landinu. Það eru þau sem annast stærstan hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna.

Líkja má innleiðingunni við að starfsfólk og kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Sáttmállinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

1. **Pekkingu á réttindum barna**
2. **Því sem barninu er fyrir bestu**
3. **Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna**
4. **Þátttöku barna**
5. **Barnvænni nálgun**

Barnvænt sveitarfélag er sveitarfélag sem hefur skuldbundið sig til þess að uppfylla réttindi barna sem sett eru fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru sveitarfélög þar sem raddir, þarfir og réttindi barna eru óaðskiljanlegur hluti af verkferlum, stefnumótun og ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins. Vegna þessa eru Barnvæn sveitarfélög fyrir öll.

Barnvæn sveitarfélög:

- gera Barnasáttmálann að rauðum þræði í allri starfsemi sinni.
- viðurkenna að í röddum, viðhorfum og reynslu barna og ungmenna felast verðmæti.
- eiga markvisst samráð við börn og ungmenni og nýta raddir þeirra til að bæta þjónustu sveitarfélagsins.

Svona höfum við áhrif í Barnvænum sveitarfélögum



Aðgerðir



Stuðningur UNICEF á Íslandi við sveitarfélög

Afurðir



Áhrif á störf sveitarfélaga

Áhrif



Áhrif Barnvænna sveitarfélaga á líf barna

1. Aukin þekking á réttindum barna

Fræðsluefni um réttindi barna	Fræðsluefni um barnaréttindafræðslu	UNICEF Akademían
Vinnustofur og fundir fyrir umsjónarmenn og stjórnendur		

2. Aukin þátttaka barna

Fræðsla um réttindamiðaða þátttöku barna	Stuðningur við þátttöku ungmenna-ráðs sveitarfélags	Stuðningur við þátttöku barna í sveitarfélagi
Stuðningur við þátttöku viðkvæmra hópa barna		

3. Betri greining á stöðu réttinda barna

Könnun á þekkingu á réttindum barna	Könnun á tækifærum barna til þátttöku
Leiðir til að meta áhrif ákvarðana á börn	

4. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Stuðningur við gerð aðgerðaáætlunar	Úttekt á starfi sveitarfélags og viðurkenning
-------------------------------------	---

5. Aukið samstarf

Stuðningur við gerð fræðsluáætlunar	Stuðningur við starf stýrihóps
-------------------------------------	--------------------------------

Starfsfólk skilur réttindi barna og hefur þau til hliðsjónar í störfum sínum

Börn þekkja réttindi sín og annarra barna

Sveitarfélagið formfestir réttindamiðaða þátttöku barna

Starfsfólk er meðvitað um áhrif starfa sinna á börn

Starfsfólk grípur til aðgerða til að koma í veg fyrir mismun

Sveitarfélagið forgangsraðar, fjármagnar og framkvæmir aðgerðir í þágu réttinda barna

Sveitarfélagið styður opinberlega við réttindi barna

Barnasáttmálinn er lagður til grundvallar í allri ákvarðanatöku varðandi börn

Börn og fullorðin þekkja réttindi barna

42. grein: Öll verða að þekkja réttindi barna



Börn hafa áhrif á sveitarfélagið

12. grein: þátttaka barna



Öll börn njóta jafna tækifæra

2. grein: Öll börn eru jöfn



Börn upplífa að hagsmunir þeirra séu í forgangi

3. grein: Það sem er barninu fyrir bestu



Börn búa í barnvænu umhverfi

6. grein: Öll börn eiga rétt á því að lifa og þróa sig



Verkefnið hefur áhrif á réttindi og farsæld barna og tekur til allra sviða og stofnana sveitarfélagsins.

Barnvæn sveitarfélög og innleiðing farsældarlaganna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, eða farsældarlögin eins og þau eru gjarnan kölluð, voru samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2021 og tóku gildi 1. janúar 2022. Frá því að lögin voru samþykkt hefur markvisst verið unnið að innleiðingu þeirra á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land. Eitt helsta nýmæli farsældarlaganna er að marka samstarfi mismunandi þjónustukerfa skýran farveg í lögum.

Meginmarkmið farsældarlaganna er það sama og með Barnvænum sveitarfélögum; að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem er lögfestur hér á landi. Markmiðið með lögfestingunni var að tryggja að honum væri beitt í auknum mæli og hefði bein áhrif á íslenskt samfélag.

Sveitarfélög um land allt vinna nú hörðum höndum að innleiðingu farsældarlaganna. Þau sveitarfélög sem vinna einnig að innleiðingu Barnasáttmálans með því að vinna að því að fá viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag, geta nýtt sér margvísleg samlegðaráhrif þar á milli.

Vegna samlegðaráhrifanna hefur Barna- og fjölskyldustofa nú gefið út handbók með praktískum ráðleggingum varðandi innleiðinguna en hún byggir á þessari handbók UNICEF um verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Í báðum handbókum er nú að finna lítinn kafla aftan við öll skref innleiðingarinnar þar sem bent er á hvernig hægt er að tengja verkefnin saman.

Við mælum með því að nýta þessar ábendingar þar sem þær geta sparað sveitarfélögum ákveðinn tvíverknað og ýtt undir áhrif og ávinning beggja verkefna. Vel hefur gefist að vinna þessi tvö verkefni samhliða. Tekið skal fram að handbækurnar eru sjálfstæðar en tala vel saman og auðvelda þannig vinnu í sveitarfélögum þar sem samhliða er unnið að innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga.



1. ÞÁTTUR/Þekking á réttindum barna

Barnasáttmálinn leggur ríka skyldu á opinbera aðila um að fræða fullorðna og börn um þau réttindi sem í sáttmálanum eru, með virkum og markvissum hætti (42. grein). Þau sveitarfélög sem vinna að því að innleiða Barnasáttmálann þurfa því að vinna markvisst að því að efla þekkingu á réttindum barna innan sveitarfélagsins og gæta þess að réttindin séu virt.

Ein af grunnstoðum verkefnisins er að sveitarfélagið fræði starfsfólk, börn og fullorðna um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum. Samkvæmt 42. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á því að þekkja réttindi sín og þau eiga líka rétt á því að allt fullorðið fólk þekki réttindi þeirra. Börn geta ekki skilið réttindi sín án þess að fræðast um þau og ekki er hægt að vinna út frá Barnasáttmálanum án þess að þekkja hann og skilja. Fræðsla og æfing er nauðsynleg til að hægt sé að sjá samhengið milli sáttmálans og þess starfs sem unnið er. Þess vegna þarf sveitarfélagið að vinna markvisst að því að fræða allt sitt starfsfólk og huga að réttindafræðslu í skólum. Vinna þarf markvisst að því að dreifa þekkingunni sem víðast um samfélagið.

Fræðsla um réttindi barna þarf að vera kerfisbundin og samfelld og má því ekki byggjast á afmörkuðu átaki. Börn læra ekki að virða réttindi annarra eða standa vörð um eigin réttindi með því einu að lesa eða heyra um Barnasáttmálann – það þarf þjálfun og reynslu til. Það þarf einnig að tryggja að borin sé virðing fyrir réttindum í umhverfi barna. Vitundarvakning um réttindi barna er ferli sem er einungis trúverðugt ef fullorðnir og börn vinna saman, þannig er fræðslan lærdómsferli fyrir bæði

fullorðna og börn. Í aðgerðaráætlunum Barnvænna sveitarfélaga er ávallt að finna aðgerðir sem snúast um að fræða starfsfólk og börn um réttindi barna.



ÞAÐ SEM BARNINU
ER FYRIR BESTU

2. ÞÁTTUR/ Það sem er barninu fyrir bestu

Þriðja grein Barnasáttmálans fjallar um að það sem er barninu fyrir bestu sé ávallt tekið til skoðunar þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Þegar ákvarðanir eru teknar sem varða börn skal gera mat á hagsmunum barna. Þá eru afleiðingar ákvarðana á börn greindar. Slíkt mat getur annars vegar varðað hóp barna og hins vegar getur það varðað eitt barn. Til að komast að því hvað er best fyrir barnið er ýmislegt sem þarf að skoða; lög og reglugerðir, raunprófaða þekkingu og þær greinar Barnasáttmálans sem eiga við hverju sinni. Það er ekki hægt að vita hvað er börnum fyrir bestu án þess að tala við börnin sem ákvörðunin hefur áhrif á hverju sinni og taka tillit til þess sem þau hafa að segja. Í aðgerðaráætlunum Barnvænna sveitarfélaga er ávallt að finna aðgerðir sem festa barnvænt hagsmunarmat betur í sessi.

[Sniðmát og leiðarvísi fyrir sveitarfélög varðandi barnvænt hagsmunamat er að finna á heimasíðu UNICEF á Íslandi, \[www.unicef.is\]\(http://www.unicef.is\).](#)



ÖLL BÖRN ERU JÖFN

3. ÞÁTTUR/ Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Jafnræði og bann við mismunun er ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Þessi forsenda er grunnstef í hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga.

Þegar unnið er að því að efla jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að skoða jafnræði út frá ólíkum forsendum. Sveitarfélag ætti að stuðla að jafnræði í allri sinni vinnu, jafnréttisáætlanir og mannréttindastefnur ættu að taka mið af því að börn og ungmenni eru víðtækur og fjölbreyttur hópur á breiðu aldursbili. Til að tryggja aukið jafnræði meðal barna er þörf fyrir markvissa vinnu sem miðar að því að draga úr fordómum og breyta viðhorfum. Þá þarf að auka úrvinnslu tölfræðilegra gagna um stöðu barna.

Leggja þarf áherslu á virkt samráð við börn. Þegar kemur að stefnumótun er mikilvægt að sveitarfélag safni upplýsingum um lífsskilyrði barna og haldi til haga í gagnagrunni. Með slíkum gagnagrunni getur sveitarfélagið greint viðkvæma hópa og getur þar af leiðandi beitt markvissum aðgerðum til að bæta stöðu þeirra. Einnig er mikilvægt að sveitarfélagið nálgist þessa hópa og eigi við þá samtal og samráð. Þekking umræddra hópa er mikilvæg og nýtist sveitarfélaginu við að vinna gegn mismunun.

Að greina mismunun og efla jafnræði krefst kerfisbundinnar fræðslu innan sveitarfélags og stofnana þess. Rýna þarf vinnulag í ólíkum málaflokkum, með það fyrir augum að meta hvort það takmarki eða útiloki ákveðna hópa barna og ungmenna frá þátttöku í verkefnum og þjónustu. Lykilatriði er að tryggja að öll börn eigi möguleika á að koma sínum skoðunum á framfæri, án tillits til stöðu þeirra. Oft getur verið nauðsynlegt að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja að t.d. börn af erlendum uppruna, börn með sérþarfir eða börn á forræði barnaverndar, fái tækifæri til að hafa áhrif á málefni er varða þau. Oft getur verið erfitt að ná til þeirra hópa sem eru á jaðrinum félagslega eða búa við viðkvæmar aðstæður. Upplýsingarnar sem slíkir hópar búa yfir eru þó mikilvægar þar sem þeir nýta oft þjónustu sveitarfélagsins hvað mest.

UNICEF á Íslandi mælir með því að öll sveitarfélög nýti sér mælaborð um farsæld barna og önnur tölfræðigögn um stöðu barna í sinni ákvarðanatöku og forgangsroðun. Í aðgerðaráætlunum Barnvænna sveitarfélaga er ávallt að finna aðgerðir sem snúast um að styðja sérstaklega við viðkvæma hópa barna og auka þannig jafnræði.



4. ÞÁTTUR/ Þátttaka barna

Börn eiga rétt á því að fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar um öll málefni sem hafa áhrif á þeirra líf og að tekið sé réttmætt tillit til þess sem þau hafa að segja með hliðsjón af aldri og þroska. Ákvörðun um að innleiða Barnasáttmálann felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitarfélagið. Barnvæn sveitarfélög vinna að því að efla þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og leita eftir og nýta sér reynslu þeirra og viðhorf til að bæta þá þjónustu sem þeim er ætluð

Sveitarfélagið þarf að tryggja að til staðar séu skýrar og aðgengilegar þáttökuleiðir fyrir börn, þannig að þeim séu tryggð tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélag sitt og umhverfi. Samkvæmt Barnasáttmálanum ber stjórnvöldum, þ.m.t. sveitarfélögum, að hlusta eftir skoðunum barna og taka réttmætt tillit til þeirra.

Sveitarfélögum er skylt að hvetja börn til lýðræðislegrar þátttöku og tryggja þeim vettvang til að tjá sig á eigin forsendum. Á það við um öll mál er varða börn með einum eða öðrum hætti, svo sem í skólastarfi, félagsþjónustu, frístundastarfi og við skipulag nánasta umhverfis. Réttur barna til þátttöku er einnig tryggður í ýmsum öðrum lögum, m.a. í barnalögum (nr. 76/2003), grunnskólalögum (nr. 91/2008), framhaldsskólalögum (nr. 92/2008), æskulýðslögum (nr. 70/2007) og barnaverndarlögum (nr. 80/2002). Þó að sum lög tiltaki aldursmörk eða geri óbeint ekki ráð fyrir að ung börn hafi formlegar leiðir til áhrifa og þátttöku, þá eiga öll börn þennan rétt. Mikilvægt er að börn fái frá unga

aldri þjálfun í því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, miðla málum og finna lausnir með öðrum.

Tækifæri barna og ungmenna til að hafa áhrif eru oft bundin við ólík ráð og hópa, svo sem ungmenningaráð og nemendafélög. Engu að síður ber að nefna að Barnasáttmállinn tryggir öllum börnum jafnan rétt til þátttöku. Frá sjónarhorni réttinda barna þarf að veita ólíkum aldurshópum athygli. Leitast þarf við að hlusta á raddir ólíkra hópa, sérstaklega þeirra er standa höllum fæti eða eiga frekar á hættu að verða fyrir mismunun.

Barnvæn sveitarfélög eiga að hafa skýra og markvissa verkferla fyrir samráð við börn og ungmenni vegna mála sem tekin eru fyrir innan stjórnsýslunnar. Mikilvægt er að skoða hvort þær leiðir/aðferðir til þátttöku sem eru í boði fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu séu aðgengilegar öllum börnum. Skoða þarf og greina hvort erfiðara sé fyrir ákveðna hópa að taka þátt. Börn með greiningar og/eða skerðingar, börn af erlendum uppruna og yngri börn eru oft ólíkleg til að taka þátt í skipulögðum samráðsvettvöngum líkt og ungmenningaráðum. Formlegar boðleiðir þurfa að vera til staðar milli ungmenningaráðs og kjörinna fulltrúa og embættismanna sveitarfélagsins. Sömuleiðis þarf samráð við ungmenningaráð að vera í föstum skorðum og með reglubundnum hætti. Í aðgerðaráætlunum Barnvænna sveitarfélaga er ávallt að finna aðgerðir þar sem þáttökuleiðir barna, leiðir til áhrifa, eru betur festar í sessi.



5. ÞÁTTUR/ Barnvæn nálgun

Til þess að sveitarfélag sé barnvænt er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna.

Mikilvægt er að auðvelda aðgengi barna að ólíkum sviðum og stofnunum sveitarfélagsins. Sérstaklega er brýnt að þjónusta sem ætluð er börnum sé barnvæn, t.d. barnavernd og félagsþjónustan. Starfsumhverfi sveitarfélagsins ætti að mótast af þörfum barna, þannig að auðvelt sé fyrir börn á öllum aldri að óska eftir aðstoð við hæfi. Þá skiptir miklu máli að börn geti sjálf leitað til starfsfólks sveitarfélagsins og fengið leiðbeiningar og ráðgjöf, án aðkomu foreldra. Enn fremur þarf að tryggja að þau svið og stofnanir sem hafa ekki augljósa tengingu við börn, tileinki sér barnvæna nálgun.

Umhverfis- og skipulagssvið og fjármálasvið sveitarfélags ættu ekki síður að vera þátttakendur í að tileinka sér barnvæna nálgun en skóla- og frístundasvið eða barnavernd, enda er verkefnið samstarfsverkefni allra sviða sveitarfélagsins.


Þá er mikilvægt að allir þeir ólíku aðilar og stofnanir sem koma barninu við, vinni saman og móti heildstæða sýn á barnið. Þegar við tölum um barnvæna nálgun erum við að tala um allt frá aðstæðum sem hvert og eitt okkar býður barni í persónulegum samskiptum og upp í það hvernig sveitarfélagið nálgast málefni barna í heild. Sem dæmi mætti nefna allt frá því hvernig aðstæður við sköpum þegar við fundum með börnum og yfir í hvernig ólík svið og stofnanir innan sveitarfélagsins vinna saman að öruggu umhverfi barna. Í aðgerðaráætlunum Barnvænna sveitarfélaga er ávallt að finna aðgerðir sem snúast um að gera umhverfi og þjónustu barnvænna og/eða öruggara.

Innleiðingarferlið

Innleiðingarhringur Barnvænna sveitarfélaga inniheldur átta skref og það tekur að lágmarki tvö ár að ljúka við fyrsta hringinn. Að honum loknum heldur sveitarfélag, sem ætlar sér að viðhalda viðurkenningunni, innleiðingunni áfram, gerir nýtt stöðumat og setur sér ný markmið í nýrri aðgerðaáætlun.

Skref innleiðingarhringsins eru:

1. **Staðfesting**
2. **Stöðumat**
3. **Fræðsla**
4. **Aðgerðaáætlun**
5. **Framkvæmd**
6. **Skýrsla**
7. **Mat og viðurkenning**
8. **Ný markmið og endurmat**





1. SKREF/ Staðfesting

- Kynning á verkefninu innan sveitarfélagsins.
- Verkefnið kynnt sérstaklega fyrir ungmennaráði og leitað eftir álitum þess varðandi þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu.
- Sveitarstjórn tekur þverpólitíska ákvörðun um þátttöku í verkefninu.
- Sveitarfélagið undirritar samning við UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneyti.
- Tilnefning umsjónarmanns.
- Stofnun stýrihóps.
- Ef ungmennaráð er ekki fyrir hendi eða óvirkt innan sveitarfélagsins skal það stofnað/endurvakið og því svo kynnt verkefnið.

Eftir að sveitarfélag hefur kynnt sér verkefnið og óskað eftir þátttöku er tekin formleg ákvörðun í sveitarstjórn um innleiðingu verkefnisins. Mikilvægt er að ákvörðunin sé þverpólitísk en sú krafa er sett til þess að koma í veg fyrir að verkefnið verði pólitískt bitbein sem á það á hættu að leggjast af með tilheyrandi áhrifum á börn. Áður en formleg ákvörðun er tekin þarf að kynna verkefnið sérstaklega fyrir ungmennaráði. Ungmennaráð sveitarfélaganna spila stórt hlutverk í innleiðingu verkefnisins og því er mikilvægt að ungmennaráðið sé með í ráðum frá upphafi og að ungmennaráðsfulltrúar séu tilbúnir að hefja þessa vegferð.

Sveitarfélagið undirritar svo samstarfssamning við UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytið um þátttöku í verkefninu.

Ráða þarf verkefnastjóra/umsjónarmann sem heldur utan um verkefnið, skipuleggur hvernig innleiðingin gengur fyrir sig og sér um daglegan rekstur verkefnisins. Það er gríðarlega mikilvægt að umsjónarmaður sé í aðstöðu til að beita sér innan ólíkra sviða sveitarfélagsins og tryggja þarf að hann hafi nægan tíma til að sinna verkefninu. Hafa þarf í huga að vinnuálag umsjónarmanns er breytilegt eftir því hvar í ferlinu innleiðingin er. Sem dæmi má nefna að mikið álag er á umsjónarmanni á meðan á stöðumati stendur. Umsjónarmaður er tengiliður sveitarfélagsins við UNICEF á Íslandi.

Einnig þarf að stofna stýrihóp sem mun vinna að innleiðingunni með umsjónarmanni. Umsjónarmaður heldur utan um starf stýrihópsins, skipuleggur fundi, sendir út nauðsynleg undirbúningsgögn og heldur utan um fundargerðir.

Í stýrihópi skulu sitja a.m.k.:

- Einn fulltrúi frá hverju sviði sveitarfélagsins
- Einn kjörinn fulltrúi úr minnihluta
- Einn kjörinn fulltrúi úr meirihluta
- Ungmenni úr ungmennaráði (a.m.k. fjögur)
- Umsjónarmaður verkefnisins

1. SKREF/Staðfesting

Einnig er ákjósanlegt að í stýrihópi séu:

- Fulltrúar frá sem flestum stofnunum sveitarfélagsins
- Fulltrúi frá íbúa- eða foreldrasamtökum

Samsetning stýrihópsins og starfsemi

Þegar stýrihópur er stofnaður eru nokkrar spurningar um samsetningu og starfsemi hans sem gott er að hafa í huga:

- Hvaða svið og stofnanir sveitarfélagsins eiga fulltrúa í stýrihópnum? Var íbúasamtökum, foreldrasamtökum eða öðrum félagasamtökum sem vinna innan sveitarfélagsins boðið að vera með?
- Byr stýrihópurinn yfir nægjanlegri þekkingu á viðfangsefninu? Er stýrihópurinn í aðstöðu til að hafa áhrif innan sveitarfélagsins til að ná fram markmiðum verkefnisins innan ólíkra sviða og stofnana?
- Eru allir meðlimir stýrihópsins í aðstöðu til að hafa áhrif og ná fram markmiðum verkefnisins innan síns starfsvettvangs?
- Hvernig taka fulltrúar ungmennaráðs sveitarfélagsins þátt í starfi stýrihópsins?
- Hvernig taka meðlimir stýrihópsins þátt í vinnunni við innleiðinguna; mæting á fundi, hlutverka- og ábyrgðarskipting?
- Hvernig er stutt við bakið á börnum og ungmennum sem eru þátttakendur í starfi stýrihópsins?

Hvernig er upplýsingum dreift um verkefnið

- a. Innan sveitarfélagsins?
- b. Til barna og ungmenna?
- c. Til íbúa?

Þátttaka barna og ungmenna í öllum skrefum innleiðingarinnar

Ungmennaráðið skal vera þátttakandi í innleiðingu Barnasáttmálans frá upphafi og mikilvægt er að meðlimir þess séu tilbúnir að taka þátt í verkefninu þar sem þau spila stórt hlutverk í innleiðingunni. Við mælumst til þess að fleiri ungmenni séu í stýrihópnum heldur en færri þar sem oft er um að ræða krakka sem hafa mikið á sinni könnu og takmarkaðan tíma. Einnig er mikilvægt að þau séu fleiri en færri og hafi stuðning hvert af öðru til að koma í veg fyrir það ójafnvægi sem getur myndast þegar fá ungmenni sitja fund með mörgum fullorðnum.

Hér að neðan eru nokkrar spurningar sem gott er að spyrja sig varðandi þátttöku barna og ungmenna í verkefninu:

- Hvernig er séð til þess að börn á ólíkum aldri taki þátt í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins?
- Hvert er hlutverk ungmennaráðs sveitarfélagsins í verkefninu?
- Hvernig er þátttöku barna og ungmenna í verkefninu háttað?
- Hvernig eru börn hvött til þess að tjá skoðanir sínar, hvernig eru upplýsingar um skoðanir þeirra nýttar, hvernig taka þau þátt í ákvarðanatöku vegna verkefnisins?
- Hvaða aðgerðir eru valdar eða stýrt af börnum og ungmennum?

Umhugsunaratriði varðandi þátttöku barna og ungmenna

Huga þarf að því að umhverfi, staðsetning og tímasetning funda með ungu fólki sé með þeim hætti að þau geti auðveldlega tekið þátt á eigin forsendum.

- Fundir ættu að vera á tíma sem hentar börnunum (t.d. ekki á skólatíma).
- Umræðuefni, hugtaka- og orðanotkun ætti að taka mið af aldri og þroska barnanna.

1. SKREF/Staðfesting

- Sjá þarf til þess að börnunum líði vel og að þau upplifi að þau séu í aðstöðu til að tjá skoðanir sínar og reynslu.
- Huga þarf að því að þátttaka í stýrihópnum leggi ekki of mikla ábyrgð á börnin.
- Mikilvægt er að horfa til þess að börn eru fjölbreyttur hópur einstaklinga á breiðu aldursbili (0-18 ára) og því sé ekki hægt að reikna með að örfá börn geti verið talsmenn allra barna í sveitarfélaginu.

Þátttaka barnanna þarf að vera merkingabær. Það er mælt til þess að bjóða þeim sæti við borðið í upphafi svo raddir þeirra hafi raunveruleg áhrif. Mikilvægt er að hinir fullorðnu staldri við og hlusti á raddir barna því í þeim felast gríðarleg verðmæti fyrir sveitarfélagið.

Verkefni stýrihóps

- Að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins.
- Að hafa yfirumsjón með stöðumati á réttindum og farsæld barna innan sveitarfélagsins og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan þess.
- Að meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins.
- Gera aðgerðaráætlun sem byggir á gögnum sem safnað er í stöðumatinu, samráðsvettvangi með börnum og ungmennum og svörum sveitarfélagsins við gátlistum barnvænna sveitarfélaga.

- Að fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunar.
- Að miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlun og árangur á auðlesnu formi.

Meðlimir stýrihópsins deila skoðunum sínum og reynslu með hópnum, miðla upplýsingum um innleiðingu verkefnisins frá stýrihópnum til samstarfsfólks og fylgja sérstaklega eftir þeim þáttum aðgerðaáætlunarinnar sem snúa að þeirra eigin starfsvettvangi eða sviði innan sveitarfélagsins. Umsjónarmaður verkefnisins situr í stýrihópnum og er sérstakur tengiliður við UNICEF á Íslandi.

[Á bls. 37 er að finna dæmi um fundardagskrá á fundum stýrihóps](#)

Fundaálag hjá stýrihópi er mismikið og fer það eftir því hvar sveitarfélagið er stadd í innleiðingunni. Hópurinn fundar mest í upphafi á meðan á stöðumatinu stendur og einnig þegar kemur að gerð aðgerðaáætlunar og skýrslugerð. Gott getur verið að byrja fundi stýrihópsins á fræðslu en fræðsluna má nálgast í UNICEF Akadémíunni, á rafrænum fræðsluvettvangi UNICEF. Þar er m.a. að finna myndbönd um hvert skref innleiðingarinnar og það hjálpar til að að horfa á myndband um næsta skref á hverjum tíma.

[Á bls. 33 er að finna nánari upplýsingar um hlutverk og ábyrgð umsjónarmanns og stýrihóps.](#)

/ Barnvæn og farsældin

1. Staðfesting, upphaf og undirbúningur

Kynningar

Þegar kemur að því að kynna innleiðingarverkefnin fyrir starfsfólki sveitarfélagsins getur reynst vel að búa til eina kynningu þar sem fjallað er um bæði farsældina og Barnvæn sveitarfélög.

Samvinna umsjónarmanna

UNICEF og BOFS mæla með því að umsjónarmaður BVSVF vinni náið með ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar. Mikilvægt er að þessir aðilar séu í góðu samtali þar sem margt er hægt að samnýta og skipuleggja saman, sérstaklega fræðslu/kynningar og aðgerðaáætlanir.

Stýrihópur

Mælt er með því að skoðað sé hvort að stýrihópar innleiðingarverkefnanna geti unnið saman eða hvort að þeir geti samanstðið af sömu aðilum að einhverju leyti. Hóparnir eru að rýna í stöðu barna og hugsa á líkan hátt þó að verkefnin séu ekki þau sömu.

Akranes

Í átt að farsælu og barnvænu sveitarfélagi:

Hjá Akraneskaupstað var tekin meðvituð ákvörðun um að vinna sameiginlega að innleiðingu farsældarlaganna og innleiðingu Barnasáttmálans í stjórnsýsluna með því að fylgja ferli Barnvænna sveitarfélaga.

Dæmi um mikilvæga samþættingu:

- Ein og sama manneskjan verkefnastýrir bæði innleiðingu farsældarinnar og Barnvænum sveitarfélögum.
- Fræðslu- og kynningarherferð fyrir allt starfsfólk bæjarins fól í sér bæði kynningu á farsældarlögunum og Barnasáttmálanum og hvað það felur í sér að vera Barnvænt sveitarfélag. Kynningin fór í alla leik-, grunn- og framhaldsskóla bæjarins, heilbrigðisstofnun Vesturlands og síðar til lögreglu, dagforeldra, sýslumanns og íþróttfélaga.
- Innleiðing farsældarlaganna var tengd við innleiðingarskref Barnvænna sveitarfélaga.
- Kynningarátak á samfélagsmiðlum þar sem farsældin og Barnasáttmálinn voru tengd saman.
- Þema barnapingsins sem haldið var í tengslum við Barnvæn sveitarfélög var *Farsæld barna á Akranesi*.
- Sjá nánar á [bls. 47 í bæklingnum „Fyrirmyndaverkefni 2023“](#)



2. SKREF/ Stöðumat

- Stýrihópur svarar leiðbeinandi spurningalistum.
- Spurningakönnun er lögð fyrir starfsfólk sveitarfélagsins.
- Spurningakönnun er lögð fyrir börn í sveitarfélaginu.
- Ungmennapíng er haldið í nánu samráði við ungmennaráð.
- Viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna sem valdir eru út frá niðurstöðum leiðbeinandi spurningalista og barnaþings.
- Niðurstöður teknar saman í greinargerð.
- Greinargerð skilað til UNICEF.

A. Leiðbeinandi spurningalistar

Áður en ráðist er í það að gera breytingar er mikilvægt að átta sig á því hvar sveitarfélagið stendur í dag. Til þess byrjar stýrihópurinn á því að svara leiðbeinandi spurningalistum með það að markmiði að skilja betur hvar sveitarfélagið stendur. Mikilvægt er að hafa ungmennaráðið með í þessari vinnu því börn eru sérfræðingar í því að vera börn í dag og þau búa yfir gríðarlega dýrmætum upplýsingum um það umhverfi og þá þjónustu sem þau varðar. Eins er ætlast til þess að stýrihópurinn leiti sér upplýsinga og ráðgjafar utan hópsins, sé þess þörf. Þessir leiðbeinandi spurningalistar eru fimm talsins og byggja þeir á grunnþáttum Barnvænna sveitarfélaga:

1. Þekking á réttindum barna (42. gr.)
2. Það sem er barninu fyrir bestu (3. gr.)

3. Jafnræði, bann við mismunun (2. gr.)

4. Þátttaka barna (12. gr.)

5. Barnvæn nálgun (6. gr.)

UNICEF mælist til þess að stýrihópurinn kynni sér listana á fyrsta fundi sínum og svari listunum í sameiningu líkt og lýst er í tillögum að fundadagskrá. Þar kemur fram að þessi vinna snúist að miklu leyti um að skipta með sér verkum, þ.e. hver tekur að sér að finna hvaða svör í þeim tilvikum sem þeirra þarf að leita. Listana er að finna á sameiginlegu svæði umsjónarmanna, og mælum við með því að hver stýrihópur hafi þá aðgengilega inni á Google Docs eða öðru sambærilegu svæði þannig að allir aðilar stýrihópsins geti sett inn svör. Gott er að miða við ákveðna dagsetningu til að hafa lokið við að finna öll svör þannig að umsjónarmaður hafi tækifæri til þess að taka niðurstöðurnar saman. Á næsta umsjónarmannafundi eru niðurstöðurnar svo kynntar og ræddar. [Á bls. 40 er að finna leiðbeinandi spurningalista.](#)

B. Spurningakannanir

Þegar stýrihópur hefur lokið við að fylla út þessa leiðbeinandi spurningalista eru lagðar fyrir spurningakannanir fyrir bæði börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Spurningakönnunin sem starfsfólkið svarar snýr að þekkingu þess á réttindum barna, en þau sem starfa með börnum svara einnig spurningum um tilkynningarskyldu til barnaverndar. Börnin svara svo spurningakönnun um þekkingu á réttindum barna og tækifæri

þeirra til þess að hafa áhrif á starfsemi sveitarfélagsins. Áður en könnunin er lögð fyrir börn eru send út kynningarbréf til bæði foreldra og barna þar sem verkefnið Barnvæn sveitarfélög er kynnt og tilgangi könnunarinnar lýst.

[Á bls. 52 er að finna drög að kynningarbréfum.](#)

Spurningakannanirnar gefa góða yfirsýn yfir þekkingu á réttindum barna í sveitarfélaginu og þær nýtast einnig sem árangursmæling þar sem þær eru lagðar fyrir aftur í lok fyrsta hrings og svo í aftur í lok hvers innleiðingarhrings.

Spurningakannanirnar eru staðlaðar og þegar komið er að því að setja þær í loftið er það gert í samvinnu við umsjónaraðila verkefnisins hjá UNICEF. Kannanirnar eru aðgengilegar á íslensku, ensku, pólsku, úkraínsku, rússnesku, spænsku, arabísku og litháensku. Um tvær mismunandi kannanir er að ræða, ein er fyrir börn í 5.-10. bekk og önnur fyrir börn á yngsta stigi.

C. Barnaþing

Þegar niðurstöður spurningakannana liggja fyrir hefst sveitarfélagið handa við að skipuleggja barnaþing. UNICEF mælir sterklega með því að ungmennaráð taki virkan þátt í skipulagningu og undirbúningi þingsins. Á barnaþingi fá börn í sveitarfélaginu tækifæri til að tjá skoðanir sínar og viðhorf til sveitarfélagsins og þeirrar þjónustu sem það veitir. Það er hægt að skipuleggja barnaþing á margan hátt og engin ein leið er endilega réttust. Þannig ákveður hvert sveitarfélag fyrir sig á hvaða aldursbili þátttakendur skuli vera og hvernig auglýst skuli eftir þeim.

Ein leið til þess að skipuleggja það er að skipta málefnum niður í nokkrar málstofur og leyfa þátttakendum að velja sjálfir í hvaða málstofu þeir taka þátt. Þá getur einnig verið mjög gott að hafa a.m.k. eina opna málstofu

þar sem umræðuefnið er ekki ákveðið fyrirfram. Einnig er hægt að vera með ákveðna yfirskrift á barnaþingi eftir að ungmennaráð hefur kannað hvað það er sem brennur helst á börnum í sveitarfélaginu. Ráðið getur t.d. kannað það með því að útbúa og auglýsa rafrænar gáttir þar sem börn eru spurð spurninga, t.d. í gegnum Google Forms eða samfélagsmiðla á borð við Instagram. Stundum hefur markmið barnaþings verið að leysa ákveðin mál og þá getur það verið gagnlegt að kjósa um lausnir undir lok þings. Það er einnig hægt að kjósa um málefni eftir því hvað hverjum og einum þykir mikilvægast, það getur hjálpað ungmennaráði að vinna úr niðurstöðum þingsins.

Mikilvægt er að eftirfylgni eftir barnaþingið sé góð. Það þarf að tryggja að upplýsingar skili sér til barnanna um það hvernig þeirra þátttaka hafði áhrif innan sveitarfélagsins.

[Á bls. 55 er að finna dæmi um leiðbeiningar fyrir barnaþing.](#)

D. Samtöl við rýnihópa/sérfræðihópa barna

Þegar niðurstöður leiðbeinandi spurningalista, spurningakannana og ungmennaðings eru komnar í hús þarf stýrihópurinn að rýna í það við hvaða hópa barna er þörf á að ræða nánar. Líklega eru í sveitarfélaginu sérstaklega viðkvæmir hópar barna sem gott væri að ræða nánar við þar sem þau eru sérfræðingar í sínum upplifunum og því geta þeirra viðhorf og reynsla reynst afar dýrmæt þegar markmiðið er að bæta þjónustu, stuðning og umhverfi. Þegar stýrihópurinn hefur áttað sig á því hvaða hópar þetta eru, eru stofnaðir svokallaðir sérfræðihópar barna.

Sem dæmi um sérfræðihópa eru:

- Börn með fatlanir
- Börn með annað móðurmál en íslensku
- Börn sem eru við það að flosna upp úr námi eða hafa þegar gert það

2. SKREF/Stöðumat

Þetta eru dæmi um viðkvæma hópa en einnig mætti vera með sérfræðihópa barna til þess að skoða einstaka málefni betur. Þegar þarf að ræða sérstök málefni sem ekki eiga frekar við um einn hóp barna en annan, gæti verið gott að auglýsa eftir áhugasömum börnum til þess að taka þátt í slíkri vinnu.

Sem dæmi væri hægt að stofna sérfræðihópa um:

- Samgöngumál
- Skipulagsmál
- Íþróttamál o.s.frv.

[*Á bls. 58 er að finna leiðbeiningar vegna samtala við sérfræðihópa barna.*](#)

E. Greinargerð um stöðumatið

Þegar allir þessir fjórir þættir sem stöðumatið byggir á – leiðbeinandi spurningalistar, spurningakannanir, barnaþing og viðtöl við sérfræðihópa – hafa farið fram og niðurstöður eru komnar; tekur umsjónarmaður niðurstöðurnar saman í greinargerð og fer yfir þær með stýrihópnum. Greinargerðina sendir umsjónarmaðurinn svo til UNICEF þannig að UNICEF hafi tækifæri til að setja fram gagnlegar ábendingar. Stýrihópurinn byggir síðan aðgerðaáætlunina á þessum niðurstöðum. Einnig er gott að hafa í huga að greinargerðin er sett fram í aðgerðaáætlun. Þar er mikilvægt að útlista hvers vegna ákveðið var að fara í hverja aðgerð með því að vísa í niðurstöður stöðumatsins.

/ Barnvæn & farsældin

2. Stöðumat

- Bent er á að einhverjir gátlistar farsældar geta nýst í tengslum við stöðumatið í Barnvænum sveitarfélögum.
- Eitt af því sem gert er í stöðumati vegna innleiðingar farsældarinnar er að útbúið er sérstakt úrræðaskjal þar sem listuð eru upp öll þau úrræði sem í boði eru fyrir börn í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að stýrihópurinn í Barnvænum hafi góða yfirsýn um það hvaða úrræði eru nú þegar í boði; hverju þarf að bæta við og hvaða úrræði má styrkja frekar.
- Annað dæmi um upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir stýrihóp Barnvænna er gátlisti í tengslum við fræðslu til þeirra sem skipuleggja og stýra þjónustu við börn og þeirra sem sinna þjónustu við börn.



3. SKREF / Fræðsla

- Starfsfólk sveitarfélagsins fær fræðslu um réttindi barna.
- Börn fá markvissa og reglulega fræðslu um réttindi sín.

Fræðsla er alltumlykjandi í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Samkvæmt 42. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á því að þekkja réttindi sín og einnig eiga þau rétt á því að fullorðnir þekki réttindi þeirra. Fræðsla er grunnurinn að farsælli innleiðingu og því er mikilvægt að hún sé markviss og regluleg. Til að sáttmállinn öðlist merkingu og nýtist sem hagnýtt verkfæri innan sveitarfélagsins þarf starfsfólk að geta tengt réttindi barna við eigið starf. Með hjálp fræðslu getur starfsfólk sett hann í samhengi við verkefni sveitarfélagsins og daglegt líf þeirra barna sem þar búa.

Niðurstöður spurningakannana sem lagðar eru fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og börn innan þess segja mikið til um fræðsluna sem þarft er að hlúa að og því er mikilvægt að setja upp fræðsluáætlun í takt við niðurstöðurnar. UNICEF heldur úti rafrænum fræðsluvettvangi en þar má finna myndbönd og ítarefni sem nýtist til þess að fræða starfsfólk sveitarfélagsins. Með tilkomu fræðsluvettvangsins er hægt að tryggja reglulega endurmenntun starfsfólks sem og þjálfun nýrra starfsmanna.

Mikilvægt er að tryggja börnum fræðslu um réttindi þeirra þannig að þau geti sett þau í samhengi við sitt daglega líf. Börn sem þekkja sín réttindi eru betur í stakk búin til þess að standa vörð um réttindi sín og annarra. UNICEF leggur áherslu á að Barnvæn sveitarfélög hugi sérstaklega að

réttindafræðslu í leik- og grunnskólum með það að markmiði að gera hana að föstum lið í menntun barna í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar um skipulag réttindafræðslu fyrir starfsfólk í Barnvænu sveitarfélagi er að finna á sameiginlegu svæði umsjónarmanna á innra neti. Rafrænan fræðsluvettvang UNICEF má finna á <https://unicef-akademian.teachable.com>

/ Barnvæn & farsældin

3. Fræðsla

- Mælt er með, ef hægt er, að fræðsla/kynning sé skipulögð saman fyrir bæði Barnvæn og farsældina. Fræða þarf allt starfsfólk þannig að það skilji að bæði innleiðingarverkefni snúast um réttindi barna, geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra og sjái sitt hlutverk í þeim.
- Hér er bent á dæmi frá Akranesi þar sem fræðslu um réttindi barna og Barnasáttmálann og um farsældarlögin var flettað saman. Sjá nánar á [bls. 6 í bæklingnum „Fyrirmyndaverkefni 2023.“](#)

4. SKREF/ Aðgerðaáætlun

- Stýrihópurinn mótar aðgerðaáætlun verkefnisins með hliðsjón af niðurstöðum stöðumats.
- Ábyrgðaraðili er tilnefndur fyrir hverja aðgerð fyrir sig og er upplýstur um sitt hlutverk.
- Umsjónarmaður og stýrihópur passa upp á að samsetning aðgerða sé í takt við kröfur UNICEF.
- Aðgerðaáætlun er send til UNICEF til samþykkis.
- Þegar aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af UNICEF er hún lögð fyrir sveitarstjórn sem samþykkir hana formlega.
- Aðgerðaáætlun kynnt íbúum, þá sérstaklega börnum.

Nú er komið að því að ákveða hvaða breytingar verði ráðist í innan sveitarfélagsins. Aðgerðaáætlun útlistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins með innleiðingunni. Stýrihópurinn hefur umsjón með gerð aðgerðaáætlunar og velur aðgerðirnar út frá niðurstöðum allra þátta stöðumatsins. Mikilvægt er að þeim aðgerðum sem settar eru fram í aðgerðaáætlun fylgi skýr tímarammi og að ábyrgðaraðili sé tilnefndur fyrir hverja og eina aðgerð. UNICEF gerir ekki kröfu um fjölda aðgerða í aðgerðaáætlun, enda fer það eftir stærð og getu sveitarfélagsins. Sú krafa er hins vegar gerð að í aðgerðaáætlun séu bæði kerfislegar aðgerðir sem snúa að stjórnsýslunni, eins og t.d. að styrkja boðleiðir á milli ungmennaráðs og stjórnsýslunnar, og aðgerðir sem börn sjá í rauntíma og upplifa á eigin skinni, t.d. breytingar á leikvöllum, betri opnunartími

félagsmiðstöðva o.s.frv. UNICEF mælir með því að byggja þær aðgerðir sem börn sjá í rauntíma á niðurstöðum ungmennanings því þar má sjá hvað það er sem raunverulega skiptir börnin máli á því augnabliki og það er líklega það sem þau munu taka eftir.

UNICEF gerir þær kröfur að sérstaklega sé hugað að samsetningu aðgerða. Þannig þurfa í hverri aðgerðaáætlun að vera að finna aðgerðir sem stuðla að öllum grunnþáttum verkefnisins. Þ.e.a.s. aðgerðir sem a) stuðla að aukinni þekkingu á réttindum barna, b) stuðla að aukinni þátttöku barna og tækifærum til að hafa áhrif, c) styðja við viðkvæma hópa barna og stuðla þannig að jafnræði, d) gera umhverfi barnvænna með barnvænni nálgun og e) stuðla að innleiðingu barnvæns hagsmunamats.

Einnig þarf að sýna fram á að stöðumatið sé nýtt við gerð aðgerðaáætlunar, þó að einnig megi vísa í önnur gögn. Þannig þarf að vísa í niðurstöður leiðbeinandi spurningalista, niðurstöður spurningakannana, niðurstöður barnanings og niðurstöður viðtala við sérfræðihópa barna. [Á blaðsíðu 25](#) er að finna sérstaka töflu sem gagnlegt er að nota þegar aðgerðaáætlun er sett saman. Þá er sérstakt sniðmát fyrir aðgerðaáætlun að finna á sameiginlegu svæði UNICEF fyrir umsjónarmenn sem nota skal við gerð aðgerðaáætlunar.

Það er mikilvægt að stýrihópurinn átti sig á því að til þess að fá viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag þarf sveitarfélagið að hafa lokið við framkvæmd allra þeirra aðgerða sem settar eru fram í aðgerðaáætlun.

Gert er ráð fyrir því að það taki u.þ.b. eitt til tvö ár að framkvæma allar aðgerðir áætlunarinnar. Sumar aðgerðir munu koma til með að vera stærri og taka lengri tíma í framkvæmd. Markmiðið er ekki að útiloka slíkar aðgerðir úr aðgerðaáætlun heldur er þess óskað að það sé vel skilgreint hvert verkefnið á að vera komið þegar sveitarfélagið sækist eftir viðurkenningu. Þarft er að brjóta stórar langtímaaðgerðir niður í nokkra hluta. Þá er auðvelt að skilgreina hvern hluta fyrir sig og segja svo í aðgerðaáætlun að þegar að viðurkenningu kemur ætli sveitarfélagið sér að hafa lokið t.d. fyrsta hluta af þremur. Síðari hlutar aðgerðarinnar færast svo sjálfkrafa inn í næstu aðgerðaáætlun sveitarfélagsins og þar þarf að skilgreina aftur hvert verkefnið á að vera komið þegar að endurmati kemur. Það sem skiptir mestu máli er að markmið og árangursmælingar séu skýrar svo auðvelt sé að tryggja að sveitarfélagið hafi staðið við skuldbindingu sína.

Þegar drög að aðgerðaáætlun eru tilbúin skal senda þau til UNICEF sem fer vandlega yfir þau og sendir til baka athugasemdir. Stýrihópurinn þarf þá að gera þær breytingar sem UNICEF óskaði eftir eða tilgreina hvers vegna ekki er hægt að verða við þeim. Þegar breytingar hafa verið gerðar sendir stýrihópurinn aðgerðaáætlunina aftur til UNICEF til lokasamþykktar áður en áætlunin er svo lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Best er að bíða eftir lokasamþykkt UNICEF áður en hún er lögð fyrir sveitarstjórn til þess að tryggja að ekki þurfi að leggja aðgerðaáætlun oftari en einu sinni fyrir sveitarstjórn.

Þegar samþykki hefur fengist frá sveitarstjórn skal hefja framkvæmd áætlunarinnar. Ef sveitarstjórn óskar eftir breytingum skal hafa samband við UNICEF og láta vita af því.

[Á bls. 65](#) má finna frekari leiðbeiningar við gerð aðgerðaráætlunar. Mikilvægt er að notað sé sérstakt sniðmát sem nálgast má hjá UNICEF.

/ Barnvæn & farsældin

4. Aðgerðaráætlun

Mikilvægt er að gott samstarf sé til staðar milli umsjónarmanns BVSVF og ábyrgðaraðila farsældar.

Eru aðgerðir sem eiga heima báðu megin?

- T.d. aðgerðir sem fela í sér stuðning við viðkvæma hópa, t.d. fötluð börn, börn með skólaforðun, börn sem tala ekki íslensku o.s.frv.
- T.d. fræðsla fyrir allt starfsfólk sem vinnur með börnum um þátttöku barna.

Nafn sveitarfélags: _____

Dagsetning: _____

Unnið af: _____

Aðgerð		Stöðumat				Grunnpættir					Hvers vegna		Tímarammi	
Aðgerð	Nafn aðgerðar	Leiðbeinandi spurningarlistar skráð viðeigandi spurningar	Spurningakannanir	Barnþing	Sérfræðihópar	Þekking á réttindum barna	Jafnræði bann við mismunun	Það semer barninu fyrir bestu	Barnvæn nálgun	Þátttaka	Hugmynd beint frá börnum	Hugmynd kemur frá fullorðnum	Stutt aðgerð að fullu lokið á tímabili	Langtíma aðgerð- skilgreindum hluta lokið á tímabili
1														
2														
3														
4														
5														
6														
7														
8														
9														
10														
11														
12														
13														
14														
15														

Fyrir hverja aðgerð þarf að merkja við a.m.k. einn reit í hverjum lit. Til að tryggja fjölbreytni aðgerða og að öll gögn séu nýtt þarf að vera merkt við hvern flokk a.m.k. einu sinni.



5. SKREF / Framkvæmd

- Umsjónarmaður og stýrihópur halda utan um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
- Stýrihópurinn sér jafnframt til þess að sveitarstjórn, starfsfólk og íbúar sveitarfélagsins séu upplýstir um framgang verkefnisins.
- Tryggt er að börn og ungmenni hafi aðgang að upplýsingum um innleiðinguna og geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Framkvæma þarf allar aðgerðir aðgerðaáætlunar áður en viðurkenning er veitt.

Ábyrgðaraðilar og/eða verkefnahópar, í samvinnu við stýrihóp, halda utan um framkvæmd einstakra aðgerða og tryggja þeim framgöngu í takt við það sem útlistað var í aðgerðaáætlun. Stýrihópurinn sér líka til þess að upplýsa íbúa, þar á meðal börn, um innihald áætlunarinnar. Mikilvægt er að tryggja að þær upplýsingar sem settar eru fram um framgang verkefnisins séu aðgengilegar börnum á barnvænan hátt.

Eins og áður kom fram þarf sveitarfélagið að hafa lokið öllum aðgerðum í áætluninni til þess að geta hlotið viðurkenningu. Það er vissulega skilningur fyrir því að upp geta komið óviðráðanlegar aðstæður sem geta orðið til þess að ekki sé hægt að ljúka framkvæmd ákveðinna aðgerða. Ef til þess kemur er farið vel yfir það í skýrslunni sem sveitarfélagið skilar til UNICEF áður en úttekt fer fram.

/ Barnvæn & farsældin

5. Framkvæmd

- Ef aðgerð tengist báðum innleiðingarverkefnunum má vinna saman að framkvæmdinni.



6. SKREF / Skýrsla

- Þegar aðgerðaáætlun sveitarfélagsins telst uppfyllt skilar sveitarfélagið skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins.
- Ungmennaráð sveitarfélagsins skilar jafnframt eigin skýrslu til UNICEF og gerir grein fyrir hvernig meðlimir ráðsins hafi verið þátttakendur í innleiðingu verkefnisins.
- UNICEF skilar skriflegum athugasemdum um skýrsluna.
- Sveitarfélag skilar UNICEF lokaskýrslu.

Þegar sveitarfélagið telur sig tilbúið og hefur uppfyllt allar aðgerðir aðgerðaáætlunar, skilar stýrihópurinn lokaskýrslu til UNICEF. Í skýrslunni er lagt mat á hvernig hafi gengið að uppfylla aðgerðaáætlunina og hvort sveitarfélagið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til Barnvænna sveitarfélaga.

Í skýrslunni þarf að koma fram hvers vegna aðgerðir voru settar fram í aðgerðaáætlun og hvernig gekk að framkvæma þær. Rifja þarf upp tímaramma aðgerða og skilgreina hvernig gekk að uppfylla aðgerðir innan þess ramma. Þá er mikilvægt að það sé tekið skýrt fram hver staða aðgerða er á þeim tímapunkti sem skýrslu er skilað. Einnig þarf að útlista nákvæmlega hvað var gert í tengslum við hverja aðgerð fyrir sig. Þessar upplýsingar hjálpa UNICEF að meta stöðu innleiðingarinnar og árangur. UNICEF skilar skriflegum athugasemdum varðandi lokaskýrslu stýrihóps. Þá þarf sveitarfélagið að bregðast við þeim athugasemdum áður en úttekt fer fram.

Úttekt fer því ekki fram fyrr en fullnægjandi lokaskýrslu hefur verið skilað sem sýnir fram á að aðgerðaáætlun hafi verið að fullu framkvæmd.

[Á bls. 67](#) má finna frekari leiðbeiningar vegna lokaskýrslu. Mikilvægt er að notað sé sérstakt sniðmát sem nálgast má hjá UNICEF.

Barnaskýrsla

Ungmennaráð sveitarfélagsins skilar inn skýrslu þar sem það segir frá þátttöku barna og ungmenna í innleiðingarferlinu og leggur mat á áhrif verkefnisins á börn. Börn og ungmenni eru bestu aðilarnir til að leggja mat á innleiðingu verkefnisins og til að segja sveitarfélaginu hvaða nálgun og aðgerðir hafi virkað og hverjar hafi ekki náð tilætluðum árangri. Barnaskýrslan veitir börnum og ungmennum tækifæri til að segja frá því hvernig þátttöku þeirra var háttað í innleiðingarferlinu. Markmið skýrslunnar er að tryggja að viðhorf barna og ungmenna séu höfð til hliðsjónar á öllum stigum innleiðingarinnar og í lokamati UNICEF. Skýrsluhöfundarnir ráða sjálfir á hvaða formi þeir skila skýrslunni. Hún getur verið sett fram sem myndasýning, myndband, dagbækur eða blanda af ólíkum miðlum.



7. SKREF/ Mat og viðurkenning

Þegar lokaskýrsla telst fullnægjandi og aðgerðir í aðgerðaáætlun hafa verið að fullu framkvæmdar fer fram úttekt á verkefninu. Úttektin gengur þannig fyrir sig að UNICEF tekur viðtal við ýmsa aðila innan sveitarfélagsins. UNICEF tekur alltaf viðtöl við umsjónarmann verkefnisins, meðlimi úr stýrihópi, meðlimi ungmenningaráðs og sveitarstjóra. Einnig eru viðtöl tekin við fleiri aðila en það fer eftir þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru hverju sinni, hverjir þeir aðilar eru. Úttektin er undirbúin í nánú samráði við umsjónarmann.

Við mat á verkefninu er horft til eftirfarandi þátta þegar rætt er við viðkomandi aðila:

Viðtal við umsjónarmann

- Hvort markmið aðgerðaáætlunar hafi náðst. Ef einhver markmið náðust ekki eru færð rök fyrir því hvers vegna og hvernig brugðist var við.
- Ef einhverjar aðgerðir komust ekki til framkvæmda vegna óviðráðanlegra aðstæðna er umsjónarmaður beðinn um að skýra út hvernig áætlað er að koma þeim í framkvæmd.
- Hvort verkefnið hafi öðlast fastan sess í starfsemi bæjarins og haft varanleg jákvæð áhrif.
- Að þess sjáist merki að börn og ungmenni hafi tekið markvissan þátt í innleiðingu verkefnisins.

Viðtal við meðlimi stýrihóp

- Hvort verkefnið hafi öðlast fastan sess í starfsemi bæjarins og haft varanleg jákvæð áhrif.
- Hvort lögð hafi verið vinna í að útfæra þátttöku ungmenningaráðsins, jafnt sem annarra hópa barna og ungmenna í starfi stýrihópsins.
- Hvort þátttaka barna sem tilheyra viðkvæmum hópum hafi verið tryggð í innleiðingu verkefnisins.
- Hvort innleiðing Barnasáttmálans hafi verið vel kynnt innan sveitarfélagsins.
- Hvort fulltrúar stýrihópsins hafi tekið virkan þátt á öllum stigum innleiðingarinnar.

Viðtal við meðlimi ungmenningaráðs

- Að þess sjáist merki að börn og ungmenni hafi tekið markvissan þátt í innleiðingu verkefnisins.
- Að börn á ólíkum aldri hafi tekið þátt, bæði sem einstaklingar og í hópum.
- Að þátttaka ungmenningaráðsfulltrúa í verkefninu hafi verið merkingarbær.

7. SKREF/Mat og viðurkenning

- Hvort ungmennaráð hafi tekið virkan þátt í skipulagningu ungmennabings.
- Hvort ungmenni upplifi að þau hafi haft áhrif á val aðgerða í aðgerðaáætlun m.a. með þátttöku í túlkun á þeim gögnum sem söfnuðust við stöðumatið.

Viðtal við sveitarstjóra

- Hvort sveitarfélagið hafi markað sér stefnu um að halda innleiðingu verkefnisins áfram og styðja við áframhaldandi innleiðingu.
- Hvort verkefnið hafi öðlast fastan sess í starfsemi bæjarins og haft varanleg jákvæð áhrif.

Viðtal við annað starfsfólk sveitarfélagsins

- Hvort verkefnið hafi öðlast fastan sess í starfsemi bæjarins og haft varanleg jákvæð áhrif.
- Hvort starfsfólk hafi fengið fræðslu um réttindi barna.
- Hvort starfsfólk hafi verið meðvitað um framgang verkefnisins innan sveitarfélagsins.

Þegar innleiðingarferlið er metið er horft til loka- og barnaskýrslu ásamt annarra þátta við innleiðinguna. Samsetning stýrihóps og verkefna hans er metin ásamt þátttöku barna og ungmenna í skipulagningu og framkvæmd. Einnig er horft til niðurstaðanna úr stöðumatinu og hvernig þær voru nýttar og þá er litið til undirbúnings aðgerðaáætlunar og framkvæmdar hennar.

Ef aðgerðaráætlun sveitarfélagsins er uppfyllt og sveitarfélagið stenst úttekt á því að innleiðingin hafi verið réttindum barna innan þess til framdráttar, er sveitarfélaginu veitt viðurkenning sem Barnvænt sveitarfélag. Mikilvægt er að taka fram að það er ekki um vottun að

ræða, heldur viðurkenningu á því að sveitarfélagið hafi unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með hagsmuni barna að leiðarljósi. Viðurkenningin gildir í þrjú ár en að þeim loknum fer sveitarfélagið í gegnum endurmatsferli þar sem það þarf að sýna fram á að hafa gert nýtt stöðumat, nýja aðgerðaáætlun og fylgt henni eftir. Í kjölfar úttektarinnar skrifar UNICEF greinargerð og skilar sveitarfélaginu en þar er farið yfir niðurstöður úttektarinnar og hagnýt ráð sett fram. Mikilvægt er að þessi ráð séu höfð í huga á áframhaldandi vegferð.

Viðurkenningarathöfn

Umsjónarmaður verkefnisins hjá sveitarfélaginu sér um að skipuleggja viðurkenningarathöfn. Hvert sveitarfélag ákveður sjálft með hvaða sniði það skipuleggur athöfnina. UNICEF ráðleggur þó að sérstaklega sé hugað að merkingarbærri þátttöku barna og að flestum þeim sem unnu að verkefninu með beinum hætti sé boðið til athafnarinnar. Venjan er sú að bæjar/sveitarstjóri og framkvæmdarstjóri UNICEF segi nokkur orð. Vel hefur tekist til þegar ungmennaráð tekur virkan þátt í skipulagningu athafnarinnar og þá hefur heppnast vel þegar ungmennin skipuleggja skemmtiatriði. UNICEF veitir sveitarfélaginu fána til eignar sem á er merki Barnvænna sveitarfélaga. UNICEF afhendir sveitarfélaginu sérstakan viðurkenningarplatta við fyrstu viðurkenningu, sem festa má á vegg bæði utanhúss eða innanhúss. Merki Barnvænna sveitarfélaga, má sveitarfélagið nota í þrjú ár, eða á meðan viðurkenningin gildir. Til að fá að nota það áfram eftir þann tíma þarf sveitarfélagið að hafa staðist endurmat.

/ Barnvæn & farsældin

7. Mat og viðurkenning

Árangur beggja innleiðingarverkefna þarf að kynna vel út á við sem og innan sveitarfélagsins;

- innan stjórnsýslunnar
- meðal starfsfólks
- meðal barna, foreldra, íbúa.
- Mikilvægt er að hampa árangri því þannig skilur fólk betur tilgang verkefnanna og tengir frekar við sín störf.
- Mögulegt er að tengja innleiðingarverkefnin við þetta tækifæri.



8. SKREF / Ný markmið og endurmat

Viðurkenning sem Barnvænt sveitarfélag gildir í þrjú ár.

Ef sveitarfélag vill viðhalda viðurkenningunni þarf að halda innleiðingunni áfram, setja ný markmið og gera nýja aðgerðaáætlun.

Þó svo að sveitarfélagið hljóti viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag, þýðir það ekki að innleiðingarvinnunni sé lokið. Innleiðing Barnasáttmálans er eilífdarverkefni því þrátt fyrir að ákvæði sáttmálans haldist þau sömu, breytast aðstæður og umhverfi barna og því þarf stöðugt að vera að endurskoða og tryggja að unnið sé í anda sáttmálans. Fljótlega eftir fyrstu viðurkenningu hefst vinna við nýtt stöðumat sem er gagnlegt til að meta árangur fyrsta innleiðingarhrings verkefnisins. Í kjölfarið er aðgerðaáætlun sett upp og henni svo framfylgt. Við endurmat er m.a. horft til þess hvort haldið hafi verið áfram með þær stærri aðgerðir sem ekki var hægt að klára í fyrri áætlun og einnig er horft til þess hvort tekið hafi verið tillit til ábendinga UNICEF frá síðustu úttekt.

/ Barnvæn & farsældin

8. Ný markmið og áframhald

Viðhalda þarf bæði innleiðingu Barnasáttmálans og innleiðingu farsældarlaganna, bæði fer hring eftir hring.

- Í báðum tilfellum eru sumar aðgerðir sem halda áfram og aðrar sem koma nýjar inn.
- Mikilvægt er að skoða hvort það séu aðgerðir sem tengjast báðum verkefnum, sem eiga heima á báðum stöðum.
- Í tengslum við Barnvæn sveitarfélög eru ávallt ákveðnar aðgerðir framkvæmdar sem snúast um stuðning við viðkvæma hópa/úrræði. Mikilvægt er að muna að uppfæra úrræðaskjalið sem útbúið er í tengslum við farsæld og bæta þeim úrræðum við.
- Fræðslan í tengslum við bæði innleiðingarverkefni heldur alltaf áfram og hana má samnýta. Sérstaklega fræðslu um þátttöku barna. Bæði þarf að viðhalda fræðslu og fræða nýtt starfsfólk.

Nokkrir nytsamlegir hlekkir

[Heimasíða Barnvænna sveitarfélaga](#)

[Heimasíða Child-Friendly Cities Initiative](#)

[Fyrirmyndarverkefni í Barnvænum sveitarfélögum](#)

[UNICEF Akademían, rafrænn fræðsluvettvangur](#)

[Leiðbeiningarbæklingur um barnvænt hagsmunamat](#)

[Réttindafræðsla UNICEF](#)



VIÐAUKI 1: Hlutverk umsjónarmanns og stýrihóps

Hvert er hlutverk umsjónarmanns verkefnisins?

Umsjónarmaður verkefnisins heldur utan um innleiðingu þess ásamt stýrihópi en umsjónarmaður leiðir starfsemi hópsins. Umsjónarmaður er verkstjóri verkefnisins, skipuleggur framvindu þess, heldur utan um öll gögn og sér um samskipti við UNICEF fyrir hönd sveitarfélagsins.

Verkefni umsjónarmanns:

- að vera í sambandi við UNICEF á Íslandi og mæta á upplýsingafundi á þeirra vegum.
- að aðstoða bæjar-/sveitarstjóra við að setja saman og stofna stýrihóp.
- að undirbúa fundi stýrihóps, boða þá og stýra þeim.
- að tryggja gott samband við ungmennaráðið, tryggja að þátttaka þeirra sé merkingarbær, þau fái barnvænar upplýsingar og sé boðið upp á barnvænt umhverfi á fundum.
- að kynna verkefnið innan sveitarfélagsins.
- að upplýsa starfsfólk um rafræna fræðslu og gera þeim hana aðgengilega.
- að hafa yfirsýn yfir það hverjir hafa fengið fræðslu.
- að halda utan um svör stýrihóps við leiðbeinandi spurningalistum.
- að vera í sambandi við skólastjóra og sjá til þess að spurningakannanirnar séu lagðar fyrir börn. Áður þarf að senda út kynningarbréf.
- að senda spurningakannanir á starfsfólk.
- að undirbúa barnaþing í samvinnu við ungmennaráð og umsjónarmann ungmennaráðs.
- að taka saman niðurstöður barnaþings ásamt ungmennaráði
- að koma saman rýnihópum eftir tillögum stýrihóps.
- að undirbúa framkvæmd viðtala við rýnihópa.
- að taka saman niðurstöður rýnihópaviðtala.
- að skrifa greinargerð um stöðumatið í heild sinni, kynna og bera undir stýrihóp og skila UNICEF.
- að setja saman aðgerðaáætlun í samvinnu við stýrihóp og skila til UNICEF.
- að bregðast við athugasemdum UNICEF í samvinnu við stýrihóp.
- að koma aðgerðaáætlun fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

- að halda utan um skipulag í kringum framkvæmd aðgerðaáætlunar, fylgjast með að ábyrgðaraðilar með hverri aðgerð séu virkir.
- að skrifa lokaskýrslu um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar þegar henni er lokið og skila til UNICEF.
- að bregðast við athugasemdum UNICEF.
- að aðstoða UNICEF við skipulag úttektar og taka þátt í úttekt.
- að skipuleggja viðurkenningarathöfn með aðstoð UNICEF í samvinnu við ungmennaráð.

Hvert er hlutverk stýrihópsins að baki verkefnisins Barnvæn sveitarfélög?

Hlutverk stýrihóps er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins. Stýrihópurinn tekur mikilvægar ákvarðanir um hvað skuli gert til að bæta hagsmuni barna og talar fyrir verkefninu innan sveitarfélagsins.

Verkefni stýrihóps:

- að svara leiðbeinandi spurningalistum í sameiningu. Meðlimir stýrihóps geta þurft að taka að sér að kanna mál betur og leita svara hjá réttum aðilum innan sveitarfélagsins.
- að ígrunda niðurstöður spurningakannana, barnþings og rýna í þá gagnasöfnun sem átti sér stað í tengslum við leiðbeinandi spurningalistana.
- að ákveða út frá ofangreindum upplýsingum við hvers konar rýnihópa er þarft að ræða.
- að rýna í niðurstöður rýnihópaviðtala.

- **að ákveða útfra öllum ofangreindum upplýsingum í hvaða aðgerðir er þarft að fara og forgangsraða þeim.**
- **að ákveða hvaða aðgerðir fara í aðgerðaáætlun fyrsta hrings verkefnisins (UNICEF og sveitarstjórn samþykkja aðgerðaáætlun).**
- meðlimur stýrihóps getur átt von á því að vera beðinn um að vera ábyrgðaraðila ákveðinnar aðgerðar/aðgerða. Það þýðir að viðkomandi hefur yfirsýn yfir aðgerðinni, útdeilir verkefnum henni tengdri og hefur eftirlit með henni.
- meðlimir stýrihóps eru talsmenn verkefnisins að því leyti að þeir fræða fólk um það þegar tækifærin gefast og hvetja starfsfólk til að sinna því.
- meðlimir stýrihóps styðja við umsjónarmann þegar kemur að því að tryggja verkefninu framgang og eftir því sem hann leitar til þeirra.

Umsjónarmaður

Stýrihópur

1. Staðfesting	● Aðstoðar bæjar- /sveitarstjóra að setja saman stýrihóp. ● Er í samskiptum við UNICEF á Íslandi og mætir á upplýsingafundi á þeirra vegum (í gegnum allt innleiðingarferlið). ● Undirbýr fundi stýrihóps, boðar þá og stýrir þeim. ● Tryggir gott samband við ungmennaráð, tryggir að þátttaka þeirra sé merkingarbær, að þau fái barnvænar upplýsingar og sé boðið upp á barnvænt umhverfi á fundum (í gegnum allt innleiðingarferlið).	● Stýrihópur er stofnaður. ● Meðlimir stýrihóps styðja við umsjónarmann þegar kemur að því að tryggja verkefninu framgang (í gegnum allt innleiðingarferlið).
2. Stöðumat	● Heldur utan um svör stýrihóps við leiðbeinandi spurningalistum. ● Undirbýr spurningakannanir til að senda út, sér til þess að upplýsingabréf séu send áður og talar við skólastjóra. ● Sendir út spurningakannanir. ● Tekur saman niðurstöður úr spurningakönnunum. ● Undirbýr barnaþing í samvinnu við ungmennaráð og umsjónarmann ungmennaráðs. ● Tekur saman niðurstöður barnaþings ásamt ungmennaráði. ● Kemur saman rýnihópum eftir tillögum stýrihóps. ● Undirbýr framkvæmd viðtala við rýnihópa. ● Skrifar greinagerð um stöðumatið í heild sinni, kynnir og ber undir stýrihóp og skilar UNICEF.	● Svarar leiðbeinandi spurningalistum í sameiningu. Meðlimir stýrihóps geta þurft að taka að sér að kanna mál betur og leita svara hjá réttum aðilum innan sveitarfélagsins. ● Ígrundar niðurstöður spurningakannana, barnaþings og rýnir í þá gagnasöfnun sem átti sér stað í tengslum við leiðbeinandi spurningalistana. ● Ákveður út frá ofangreindum upplýsingum við hvers konar rýnihópa er þarft að ræða. ● Rýnir í niðurstöður rýnihópaviðtala. ● Meðlimir í stýrihópi aðstoða umsjónarmann við skipulagningu mismunandi þátta stöðumatsins eftir því sem við á.
5. Fræðsla	● Kynnir verkefnið innan sveitarfélagsins. ● Upplýsir starfsfólk um rafræna fræðslu og gerir þeim hana aðgengilega. ● Hefur yfirsýn yfir það hverjir hafa fengið fræðslu innan sveitarfélagsins. ● Situr fræðslu samkvæmt námsskrá.	● Meðlimir sitja fræðslu samkvæmt námsskrá. ● Meðlimir stýrihóps eru talsmenn verkefnisins að því leiti að þeir fræða fólk um það þegar tækifæri gefast og hvetja starfsfólk til að sinna því og sækja fræðslu.
4. Aðgerðaáætlun	● Setur saman aðgerðaáætlun í samvinnu við stýrihóp og skilar til UNICEF. ● Bregst við athugasemdum UNICEF í samvinnu við stýrihóp. ● Leggur aðgerðaáætlun fyrir bæjar-/sveitarstjórn til samþykktar.	● Ákveður út frá öllum ofangreindum upplýsingum í hvaða aðgerðir er þarft að fara og forgangsraðar þeim. ● Ákveður hvaða aðgerðir fara í aðgerðaáætlun fyrsta hrings verkefnisins (UNICEF og sveitastjórn þurfa svo að samþykkja áætlunina).
5. Framkvæmd	● Heldur utan um skipulag í kringum framkvæmd aðgerðaáætlunar, fylgist með að ábyrgðaraðilar með hverri aðgerð séu virkir.	● Meðlimur stýrihóps getur átt von á því að vera beðinn um að vera ábyrgðaraðili aðgerðar/aðgerða. Það þýðir að viðkomandi hefur yfirsýn yfir aðgerðina, útteilir verkefnum henni tengdri og hefur eftirlit með henni.
6. Skýrsla	● Skrifar lokaskýrslu um framkvæmd aðgerðaáætlunar þegar henni er lokið og skilar til UNICEF. ● Bregst við athugasemdum UNICEF.	● Meðlimir stýrihóps aðstoða umsjónarmann eftir því sem hann leitar til þeirra.
7. Mat og viðurkenning	● Aðstoðar UNICEF við skipulag úttektar og tekur þátt í úttekt. ● Skipuleggur viðurkenningarathöfn í samvinnu við ungmennaráð.	● Viðtöl eru tekin við meðlimi stýrihóps þegar að úttekt kemur. ● Meðlimir fá tíma og gögn til að undirbúa viðtölin.

Athugið að framkvæmd alls þessa tekur að lágmarki tvö ár.

Hverjir sitja í stýrihópi?

Í stýrihópi þurfa að sitja a.m.k. einn kjörinn fulltrúi frá meirihluta, einn kjörinn fulltrúi frá minnihluta, einn starfsmaður af hverju sviði sveitarfélagsins, umsjónarmaður Barnvæns sveitarfélags og fjögur ungmenni. Athugið að þessi upptalning er eingöngu lágmarkskrafa en UNICEF setur enga fjöldatakmörkun á það hversu margir mega sitja í stýrihópi verkefnisins og er því velkomið að hópurnir sé stærri.

Það hefur til dæmis sýnt sig að þar sem sveitarstjóri situr í stýrihópi hefur oft gengið hraðar og betur að koma málum í gegnum stjórnsýsluna og því gæti verið gott að skoða hvort sveitastjóri hafi tök og áhuga á að sitja fundi hópsins. Eins hefur það reynst afar vel að umsjónarmaður ungmennaráðs eigi sæti í hópnum því hann myndar sterkari tengsl við ungmennaráðið og getur því verið mikilvægur hlekkur í því að tryggja merkingarbæra þátttöku barna í verkefninu.

Tekið er fram að það þurfi að vera að lágmarki fjögur ungmenni í stýrihópi verkefnisins. Ástæðan fyrir því er sú að það myndast ákveðið valdaójafnvægi þegar ungmenni sitja fund með fullorðnum, og það sérstaklega ef fundirnir eru haldnir í umhverfi sem er ungmennunum ekki kunnugt og er ekki endilega barnvænt. Þá er mikilvægt að ungmenni gangi ekki ein inn á slíkan fund og séu þá nokkur saman til þess að hafa stuðning hvort af öðru. Þá er ekki nóg að tvö ungmenni eigi sæti í hópnum þar sem líklegt er að þau komist ekki alltaf og því þarf að hafa stærra mengi ungmenna sem geta mætt á fundi þannig að það séu alltaf tvö ungmenni á hverjum fundi. UNICEF mælir með að skipa alla meðlimi ungmennaráðs sem hafa áhuga í stýrihópinum og þau skipuleggja hver mætir á hvern fund.

Hversu oft fundar stýrihópur?

UNICEF gerir enga kröfu um fjölda funda stýrihóps en í þeim sveitarfélögum sem hafa lokið við fyrsta innleiðingarhring verkefnisins

hefur raunin verið sú að stýrihópur hefur verið að funda u.þ.b. 11-12 sinnum á þeim ferli. Athugið að fundirnir eru ekki endilega haldnir með reglulegu millibili heldur er þeim raðað eftir þörfum. Hópurinn fundar t.d. frekar þétt á meðan unnið er að stöðumati og niðurstöður þess eru greindar. Síðan fundar hópurnir aftur nokkrum sinnum í kring um gerð aðgerðaáætlunar en sjaldnar á meðan á framkvæmd aðgerða stendur.

Að hverju þarf sérstaklega að huga varðandi þátttöku barna í stýrihópi?

Það er ekki nóg að bjóða ungmennum sæti í stýrihópi heldur þarf að tryggja að þátttaka þeirra sé merkingarbær. En hvað er merkingarbær þátttaka barna?

Þegar við tölum um merkingarbæra þátttöku barna erum við að vísa í þekkingu og aðferðir sem tryggja réttindi barna til að hafa áhrif. Öll börn, bæði sem einstaklingar og í hópum þurfa tækifæri, rými og stuðning til þess að tjá skoðanir sínar. Ekki nóg með það þá eiga börn rétt á að hlustað sé á þau og að skoðanir þeirra hafi vægi í ákvarðanatöku í öllum málum sem hafa áhrif á líf þeirra, í samræmi við aldur og þroska. Hvort sem um er að ræða ákvarðanatöku í stórum málum sem smáum.

Það þarf þess vegna að huga sérstaklega vel að fundartíma og staðsetningu funda og tryggja að viðmót á fundinum sé barnvænt. Ef ætlast er til þess að börnin komi undirbúin á fundi þarf að tryggja þeim aðgang að upplýsingum sem hentar aldri þeirra og þroska og tryggja að þau fái gögnin með nægum fyrirvara. Þegar á fundinn er komið þarf að tryggja að orðræða og hugtakanotkun taki mið af aldri og þroska barnanna sem taka þátt í fundinum. Það er mikilvægt að átta sig á því að börn eru breiður hópur með mismunandi þarfir, áhugamál, reynslu og þekkingu og því er ekki hægt að ætlast til þess að einstaka börn séu talsmenn allra barna. Þess vegna þarf ekki eingöngu að eiga samráð við ungmennin sem sitja í stýrihópnum heldur bjóða líka fjölbreyttar þátttökuleiðir fyrir breiðan hóp barna.

VIÐAUKI 2: Fundardagskrá stýrihóps

Hér að neðan er dæmi um fundardagskrá fyrir fundi stýrihóps á fyrsta innleiðingarhring. Athugið að ekki er nauðsynlegt að fylgja dagsskránni.

Mikilvægt er að allir meðlimir stýrihóps hafi setið námskeið um Barnasáttmálann áður en til þessa fundar kemur. Námskeiðið er að finna inni á UNICEF Akadémíunni, rafrænum fræðsluvettvangi UNICEF. Meðlimir stýrihópsins geta ýmist horft á námskeiðið þegar hverjum og einum hentar eða ákveðið að gera það saman sem hóp.

Fyrsti fundur

- Verkefnið kynnt: Hér væri gott að horfa á myndbönd um innleiðingu verkefnisins á UNICEF Akadémíunni. Við ráðleggjum ykkur að nýta þessi myndbönd reglulega og horfa á þann hluta þess sem snýr að því skrefi sem sveitarfélagið vinnur að hverju sinni.
- Leiðbeinandi spurningalistar og spurningakannanir kynntar: Við leggjum til að hópurinn svari einum til tveimur spurningalistum á þessum fundi. Athugið að oft er svarið einfaldlega að kanna þurfi nánar en þá er mikilvægt að ákveðið sé hver tekur ábyrgð á því að kanna málið og svara spurningunni. Það getur verið gott að leiðbeinandi spurningalistar séu settir upp á Google Docs þannig að allir meðlimir hafi aðgang að þeim og geti sett inn svör jafnóðum og þau fást.

Annar fundur

- Hópurinn svarar þeim leiðbeinandi spurningalistum sem á eftir að svara og skiptir með sér þeim spurningum sem leita þarf svara við. Áfram bent á gagnsemi þess að hafa skjölin aðgengileg öllum í hópnum þannig að allir geti fyllt inn í.

Þriðji fundur

- Hópurinn fer yfir svörin sem safnað hefur verið við leiðbeinandi spurningalistunum. Niðurstöður ræddar og svör aðlöguð ef þörf krefur. Gott er ef umsjónarmaður hefur undirbúið þennan dagskrárlið vel.
- Hópurinn ræðir um um fyrirkomulag spurningakannananna sem leggja þarf fyrir starfsfólk og nemendur. Ákveða þarf hvenær á að leggja þær fyrir og hver sé best til þess fallinn að eiga samtal við skólastjórnendur vegna kannananna sem lagðar verða fyrir nemendur, en það er ekki hægt án góðs samstarfs við starfsfólk skólanna. Um tvær tegundir af könnunum er að ræða, ein er fyrir börn í 5.-10. bekk og önnur einfaldari er fyrir börn í 1.-4. bekk og eru þær lagðar fyrir í kennslustund. Mikilvægt er að senda séu kynningarbréf til foreldra og barna áður en kannanirnar eru lagðar fyrir.

Fjórti fundur

- Hópurinn fer yfir niðurstöður sem fengust úr spurningakönnunum, sem lagðar voru fyrir starfsfólk og börn. Helstu niðurstöður ræddar. Gott er ef umsjónarmaður hefur undirbúið þennan dagskrárlið vel fyrir fundinn. Hópurinn hugar að því hvernig hvetja eigi starfsfólk til að sitja rafræna fræðslu inni á UNICEF Akademiunni en markmiðið er að allt starfsfólk fái fræðslu um Barnasáttmálann og að allt starfsfólk sem starfar með börnum eða fundar með börnum fái fræðslu um þátttöku barna. Hópurinn ræðir um barnaþing og hvernig skal skipuleggja það. Mikilvægt er að ungmennaráð sé með í umræðunni um barnaþing þar sem það gegnir stóru hlutverki í skipulagningu og framkvæmd þess.

Fimmti fundur

- Kynning á niðurstöðum barnaþings. Best er að fá ungmennaráðið inn á fund til þess að kynna niðurstöðurnar og ræða málin við hópinn

Sjötti fundur

- Hópurinn rýnir í við hvaða sérfræðihópa barna er þörf á að tala sérstaklega. Þegar hér er komið sögu hefur umsjónarmaður tekið saman niðurstöður stöðumatsins hingað til, þ.e.a.s. svör við leiðbeinandi spurningalistum, niðurstöður spurningakannanna og niðurstöður barnaþings. Byggt á þeim niðurstöðum ræðir stýrihópurinn við hvaða hópa barna er vert að ræða sérstaklega. Hér getur bæði verið um að ræða hópa barna sem eiga eitthvað sameiginlegt varðandi félagslega stöðu, t.d. fötluð börn eða börn af erlendum uppruna eða blandaða hópa barna sem ræða um sérstök málefni, t.d. öryggi í umferðinni eða þess háttar. Athugið að stýrihópur sér ekki um framkvæmd þessara viðtala, þeir sem sjá um þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. að hafa reynslu af því að vinna með börnum.

Sérstakar leiðbeiningar er að finna um framkvæmd þessara viðtala á [bls. 58-64 hér í handbókinni](#).

Sjöundi fundur

- Niðurstöður samtala við sérfræðihópa kynntar fyrir hópnum. Aðilinn sem framkvæmdi viðtölin fer yfir helstu niðurstöður með hópnum.
- Umræða um aðgerðir í aðgerðaáætlun. Hópurinn fer yfir atriði sem ættu heima í aðgerðaáætlun. Mögulega þarf hópurinn að funda tvisvar til þess að ræða og komast að niðurstöðu um drög að aðgerðaáætlun. Í kjölfar þess að hópurinn hefur komist að niðurstöðu vinnur umsjónarmaður drög að aðgerðaáætlun.
- Athugið að í aðgerðaáætlun þarf að skilgreina vel hvað það er sem á að framkvæma, fyrir hvaða tíma framkvæmdum skal lokið og þá skal tilgreina ábyrgðaraðila fyrir hverja aðgerð. Stýrihópur hjálpast að við að ákveða þetta og greinir hvaða starfsfólk innan stjórnsýslunnar þarf að virkja og hver skuli gera það. Stundum eru myndaðir sérstakir vinnuhópar utan um aðgerð en stýrihópur ákveður einnig hvernig því skuli háttað. Það er þó mikilvægt að einhver úr stýrihópi hafi yfirsýn yfir og eftirlit með hverri aðgerð.

Áttundi fundur

- Umsjónarmaður leggur aðgerðaáætlun fram til samþykkis stýrihóps. Hópurinn breytir og bætir áður en áætlunin er send til UNICEF til yfirferðar. Athugið að líkur eru á því að UNICEF sendi aðgerðaáætlunina til baka með athugasemdum sem taka þarf tillit til og því gæti þurft að endurtaka þennan fund þar til allir eru sáttir og aðgerðaáætlun er tilbúin til þess að leggja fyrir sveitarstjórn.
- Í kjölfar þess að sveitarstjórn samþykkir aðgerðaáætlun hrindir stýrihópur aðgerðaáætlun í framkvæmd með því að virkja þá aðila sem virkja þarf.

Níundi fundur

- Staða á framkvæmdum aðgerða. Stýrihópurinn þarf að funda a.m.k. einu sinni á því tímabili sem framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun fer fram. Þá er mikilvægt að funda oftari ef þurfa þykir.

Tíundi fundur

- Umræða um lokaskýrslu. Umsjónarmaður hefur á þessum tímapunkti skrifað drög að lokaskýrslu um verkefnið og sent meðlimum stýrihóps fyrir upphaf fundarins. Meðlimum gefst tækifæri til að koma með athugasemdir og spurningar á fundinum.

Ellefti fundur

- Undirbúningur viðurkenningarathafnar. Ef allt gekk eftir í úttektinni fær sveitarfélagið bráðlega viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag. Til hamingju! Undirbúningur viðurkenningarathafnar er verkefni umsjónarmanns í náinni samvinnu við UNICEF á Íslandi. Á þessum fundi fer stýrihópurinn yfir það hvenær halda ætti viðurkenningarathöfn og með hvaða hætti.
- UNICEF hvetur til þess að ungmennaráðið taki þátt í skipulagningu viðburðarins.
- Ný markmið og endurmat. Það er mikilvægt að missa ekki dampinn eftir að viðurkenning er í höfn og því er gott að nýta þennan fund til þess að ákveða hvernig framhaldi verkefnisins verður háttað.



VIÐAUKI 3: Leiðbeinandi spurningalistar

Þessum leiðbeinandi spurningalistum er ætlað að styðja stýrihóp Barnvæns sveitarfélags í stöðumati sínu á réttindum barna innan sveitarfélagsins. Vel hefur reynst fyrir stýrihópa að skipta sér í minni hópa og skipta þannig með sér listunum, þá getur verið gott að hafa í huga hvar styrkleikar stýrihópsmeðlima liggja. Meðlimir stýrihópsins hafa ekki svörin við öllum spurningum og er þá mikilvægt að upplýsinga sé aflað hjá þeim aðilum innan sveitarfélagsins sem hafa svörin.

Athugið að spurningarnar eru leiðbeinandi og ekki er um að ræða tæmandi spurningalista til þess að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Listunum er ætlað að fá meðlimi stýrihópsins til þess að setja upp barnaréttindagleraugun og skoða starfsemi sveitarfélagsins með gagnrýnum augum.

Niðurstöður spurningalistanna nýtir stýrihópurinn til þess að greina hvaða aðgerðir eigi heima í aðgerðaáætlun fyrir Barnvænt sveitarfélag en þannig eru þær settar í forgang. Önnur gögn sem stýrihópurinn nýtir til þess að greina hvaða aðgerðir skuli ráðist í eru niðurstöður spurningakannana sem lagðar eru fyrir börn og starfsfólk, niðurstöður barnaþings og niðurstöður viðtala við sérfræðihópa barna.

Grunnpáttur 1 Þekking á réttindum barna

Barnasáttmálinn leggur ríka skyldu á opinbera aðila um að fræða fullorðna og börn um þau réttindi sem í sáttmálanum eru, með virkum og markvissum hætti (42. grein). Þau sveitarfélög sem vinna að því að innleiða Barnasáttmálann þurfa því að vinna markvisst að því að efla þekkingu á réttindum barna innan sveitarfélagsins og gæta þess að réttindin séu virt.

Til að börn geti notið réttinda sinna er nauðsynlegt að bæði börn og fullorðnir þekki réttindin, skilji inntak þeirra og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og umhverfi barna (4. grein). Ítarleg fræðsla og upplýsingar um réttindin eykur líkur á að þau séu virt. Sömuleiðis eru þau börn sem þekkja réttindi sín mun líklegri til að bera virðingu fyrir réttindum annarra. Með því að auka skilning á réttindum er hægt að hafa áhrif á vinnuferla, viðhorf og þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

Fræðsla um réttindi barna þarf að vera kerfisbundin og samfelld og má því ekki byggjast á afmörkuðu átaki. Börn læra ekki að virða réttindi annarra eða standa vörð um eigin réttindi með því einu að lesa eða heyra um Barnasáttmálann. Það þarf þjálfun og reynslu til (3. og 12. grein).

Það þarf að tryggja að umhverfi barna sé þannig að borin sé virðing fyrir réttindum þeirra. Vitundarvakning um réttindi barna er ferli sem er einungis trúverðugt ef fullorðnir og börn vinna saman, þannig er fræðslan lærdómsferli fyrir bæði fullorðna og börn.

Leiðbeinandi spurningalisti 1

Pekking á réttindum barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Almennt

- Er vísað í Barnasáttmálann í stefnumótandi skjölum sveitarfélagsins t.d fjárhagsáætlun, aðalskipulagi, mannréttinda-, jafnréttis-, velferðar- og/eða skólastefnu o.s.frv.?

Réttindafræðsla

- Fá börn í grunnskólum sveitarfélagsins fræðslu um mannréttindi og réttindi barna?
- Fá börn í leikskólum sveitarfélagsins fræðslu um mannréttindi og réttindi barna? Ef já:
 - Er réttindafræðsla hluti af skólanámskrám leik- og grunnskóla?
 - Er réttindafræðslan regluleg, markviss og samfelld?
 - Hvaða aldurshópum er boðin réttindafræðsla?
- Hafa kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélagsins fengið fræðslu um réttindi barna? Ef já:
 - Hefur starfsfólk og kjörnir fulltrúar fengið þjálfun og fræðslu í að vinna með réttindi barna og setja þau í samhengi við við störf sín?

- Hefur starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum fengið þjálfun í að vinna með réttindi barna og setja þau í samhengi við störf sín (leikskólakennarar, grunnskólakennarar, starfsfólk félagsmiðstöðva, frístundaheimila, ungmennahúsa, íþróttahúsa, sundlauga, starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar)?
- Er réttindafræðsla hluti af starfsþjálfun nýs starfsfólks?
- Er tryggt að starfsfólk fái reglulega endurmenntun um réttindi barna?
- Hefur ungmennaráð sveitarfélagsins fengið réttindafræðslu og er sú fræðsla markviss? Ef já:
 - Er nýjum meðlimum í ráðinu boðin slík fræðsla við upphaf starfsársins?
- Miðlar sveitarfélagið upplýsingum til starfsfólks, barna og annarra íbúa um hvernig bregðast skuli við í tilvikum þar sem brotið er á réttindum barna? Ef já:
 - Eru þessar upplýsingar aðgengilegar og auðlesanlegar bæði fyrir börn og fullorðna?

Grunnpáttur 2

Það sem barni er fyrir bestu

Ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans er að það sem barni er fyrir bestu, skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir er varða það (3. grein). Af þessari forsendu leiðir m.a. að hagsmunir barna eigi að vera hafðir að leiðarljósi í allri starfsemi barnvæns sveitarfélags. Ef hagsmunir barna og fullorðinna vegast á, vega hagsmunir barna þyngra. Áður en mótaðar eru stefnur, fjárhagsáætlanir og reglur eða ákvarðanir teknar á vettvangi sveitarfélagsins ætti að greina og meta hvort og hvaða áhrif þær geti haft á hagsmuni og réttindi barna.

Barnvænt hagsmunamat

Við allar stærri ákvarðanir innan sveitarfélags er mælt með því að hagsmunir og réttindi barna séu metin með formlegum hætti, með gerð svokallaðs barnvæns hagsmunamats. Á þetta bæði við um ráðstafanir er varða börn með beinum hætti og ráðstafanir sem eru líklegar til að hafa óbein áhrif á hagsmuni barna.

Þegar mat er lagt á hvað teljist barni/börnum fyrir bestu, skiptir máli að huga að réttindum barnsins í víðu samhengi, m.a. út frá grundvallarforsendum Barnasáttmálans. Þannig er til dæmis mikilvægt að huga að jafnræði og tryggja að börnum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti (2. grein). Þá skiptir miklu máli að börn fái tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif í málum er varða þau með einum eða öðrum hætti (12. grein). Almennt er ekki hægt að meta hvað sé börnum fyrir bestu nema taka tillit til sjónarmiða þeirra. Einnig getur verið gott að leita eftir sjónarmiðum þeirra sem starfa með börnum og umgangast þau í daglegu lífi. Sömuleiðis þarf að horfa til rannsókna og þekkingar á þörfum og stöðu barna sem til er á hverjum tíma. Mat á því hvað er barni eða börnum fyrir bestu hverju sinni verður ávallt að ráðast af heildarmati á

ofangreindum forsendum. Að tekið sé tillit til réttinda barna, sjónarmiða þeirra, þeirrar þekkingar sem til er á hverjum tíma og síðast en ekki síst, aðstæðum hverju sinni. [Á heimasíðu UNICEF má finna leiðbeiningar og sniðmát fyrir sveitarfélög um Barnvænt hagsmunamat.](#)

Fjárhagsáætlun og réttindi barna

Fjárhagsáætlun er eitt öflugasta verkfærið sem sveitarfélag hefur til að uppfylla þær kröfur sem Barnasáttmálinn gerir til stjórnvalda. Í 4. grein sáttmálans kemur m.a. fram að stjórnvöld eigi að forgangsraða málefnum barna og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda, að því leyti sem sveitarfélögin hafa bolmagn til. Mikilvægt er að þeir sem koma að því að móta fjárhagsáætlun séu meðvitaðir um þetta og fái fræðslu um réttindi barna. Einnig má benda á mikilvægi þess að gefa börnum tækifæri til þess að hafa áhrif á fjárhagsáætlunargerð. Það má t.d. gera með því að bera hana undir ungmenningaráð. UNICEF bendir á sérstakt námsefni fyrir börn sem þjálfar þau í því að mynda sér skoðun á fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga sem hægt er að nálgast með því að senda póst á

[barnvaensveitarfelog@unicef.is.](mailto:barnvaensveitarfelog@unicef.is)

Leiðbeinandi spurningalisti 2: Það sem barninu er fyrir bestu

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Hagsmunir barna

- Er til staðar einhverskonar verklag til að tryggja að tekið sé mið af réttindum barna við ákvarðanir innan sveitarfélagsins?
 - Á hvaða sviðum sveitarfélagsins er slíkt verklag til staðar?
- Gerir sveitarfélagið einhverskonar barnvænt hagsmunamat við stærri ákvarðanir er hafa bein eða óbein áhrif á hagsmuni barna?
- Er tekið mið af upplýsingum og rannsóknum um börn og hagsmuni þeirra við ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins sem hefur áhrif á börn?
- Er til staðar verklag til að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða og reynslu barns/barna sem málið varðar áður en metið er hvað er talið þeim fyrir bestu?
- Er sérstakur starfsmaður innan sveitarfélagsins sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með innleiðingu Barnasáttmálans?
 - Hefur viðkomandi nægilegt umboð til að sinna sínu hlutverki?

Grunnþáttur 3: Jafnræði - Að horft sé til réttinda allra barna

Jafnræði og bann við mismunun er ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Þessi forsenda er grunnstef í hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga.

Þegar unnið er að því að efla jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að skoða jafnræði út frá ólíkum forsendum. Sveitarfélag ætti að stuðla að jafnræði í allri sinni vinnu, jafnréttisáætlanir og mannréttindastefnur ættu að taka mið af því að börn og ungmenni eru víðtækur og fjölbreyttur hópur á breiðu aldursbili. Til að tryggja aukið jafnræði meðal barna er þörf fyrir markvissa vinnu sem miðar að því að; draga úr fordómum, breyta viðhorfum, vinna úr tölfræðilegum gögnum um stöðu barna og mótun markvissrar stefnu með virku samráði við börn.

Þegar kemur að stefnumótun er mikilvægt að sveitarfélag safni upplýsingum um lífsskilyrði barna og haldi til haga í gagnagrunni. Bent er á sérstakt [mælaborð um velferð barna](#) sem mennta- og barnamálaráðuneytið heldur utan um. Með því að nota mælaborðið á sveitarfélag auðveldara með að greina hvar aðgerða er þörf og þá gerir mælaborðið það einnig einfaldara að mæla árangur milli ára og bera sig saman við önnur sveitarfélög/landshluta.

Við gagnagreiningu skal leitast við að greina viðkvæma hópa barna þannig að hægt sé að beita markvissum aðgerðum til að bæta stöðu þeirra. Einnig er mikilvægt að sveitarfélagið nálgist þessa hópa og eigi við þá samtal og samráð. Þekking umræddra hópa er mikilvæg og nýtist sveitarfélaginu við að vinna gegn mismunun. Oft getur verið nauðsynlegt að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja að t.d. börn af erlendum

uppruna, börn með sérþarfir eða börn á forræði barnaverndar fái tækifæri til að hafa áhrif á málefni er varða þau. Oft getur verið erfitt að ná til þeirra hópa sem eru á jaðrinum félagslega eða búa við viðkvæmar aðstæður. Upplýsingarnar sem slíkir hópar búa yfir eru þó mikilvægar þar sem þeir nýta oft þjónustu sveitarfélagsins hvað mest. Til að auðvelda upphaf samtals við viðkvæma hópa er hægt að styðjast við hagnýtar leiðbeiningar sem eru aðgengilegar umsjónarmönnum verkefnisins.

Að greina mismunun og efla jafnræði krefst kerfisbundinnar fræðslu innan sveitarfélags og stofnana þess. Rýna þarf vinnulag í ólíkum málaflokkum, með það fyrir augum að meta hvort það takmarki eða útiloki ákveðna hópa barna og ungmenna frá þátttöku í verkefnum og þjónustu

Leiðbeinandi spurningalisti 3: Jafnræði – Að horft sé til réttinda allra barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velja þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Áætlanir og stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins

- Hefur jafnréttisáætlun og mannréttindastefna verið gerð innan sveitarfélagsins?
- Tekur áætlunin/stefnan mið af börnum og ungmennum og fjölbreytileika þeirra?
- Er tekið sérstakt tillit til viðkvæmra hópa barna?
- Er tekið tillit til fjölbreytileika barna og réttar þeirra til jafnræðis í öðrum stefnumótandi skjölum? Ef já:

- Í hvaða stefnumótandi skjölum er það gert og með hvaða hætti?

Jafnræði

- Hvaða áætlanir, regluverk og verkferlar eru til staðar innan sveitarfélagsins sem miða að því að tryggja jafnræði meðal barna og fyrirbyggja mismunun t.d. á grundvelli búsetu, aldurs, fötlunar, kynvitundar, tungumáls o.s.frv.
- Hvaða aðgerðir sveitarfélagsins hafa miðað að því að efla jafnræði og vinna gegn mismunun?
- Í stjórnsýslu og annarri starfsemi sveitarfélagsins?
 - Í umhverfi barna og í þjónustu sem þeim er veitt?
 - Til að hafa áhrif á viðhorf íbúa, fullorðinna og barna?
- Nefnið dæmi um hvað sveitarfélagið hefur gert gott á þessu sviði? Er eitthvað sem þið sjáið strax að þarfnist úrbóta?
- Eru til staðar siðareglur, eða annað álíka, sem starfsfólk sveitarfélagsins kynnir sér og skrifar undir við ráðningu, þar sem áhersla er lögð á að starfsfólk skuli vera sérstaklega meðvitað um að mismuna ekki börnum, koma vel fram við öll börn og bregðast við ef þau verða vör við mismunun?
- Á þetta við um allt starfsfólk eða aðeins ákveðna hópa starfsfólks?
- Eru siðareglurnar reglulega kynntar starfsfólki?
- Nýtir sveitarfélagið sér aðrar leiðir til að minna á mikilvægi þessa?
- Er skýrt hvernig starfsfólk skuli bregðast við mismunun þar sem hún birtist?
- Hefur starfsfólk nægar upplýsingar og þekkingu til þess að greina mismunun?

- Er starfsfólk minnt á mikilvægi jafnræðis í daglegum samskiptum (t.d. í talsmáta, athæfi, orðanotkun og látbragði) á milli:
 - Fullorðinna?
 - Fullorðinna og barna?
 - Barna?
- Geta börn komið á framfæri ábendingum um mismunun til sveitarfélagsins?
- Er tilkynningum barna og ungmenna um mismunun innan sveitarfélagsins safnað með kerfisbundnum hætti?
- Er tekið tillit til ábendinga frá börnum um mismunun í aðgerðum sem miða að því að sporna gegn mismunun?
- Getur barn sem hefur orðið fyrir mismunun fengið stuðning eða aðstoð við að leita réttar síns? T.d. í gegnum umboðsmann íbúa, sérstakan talsmann barna?
- Mismuna gjaldskrár börnum eftir aldri t.d. gjaldskrár sundlauga, strætisvagna, frístundastarfs o.s.frv?

Gagnasöfnun og nýting gagna

- Er gögnum um líðan og stöðu barna safnað með markvissum og reglubundnum hætti?
- Er upplýsingum safnað um viðhorf, velferð og reynslu barna?
- Er gagna aflað um mismunandi hópa barna? T.d. á mismunandi aldri?
- Hafa þessi gögn verið greind og skoðuð með heildstæðum hætti?
- Hvernig eru þessar upplýsingar nýttar?
- Eru upplýsingarnar nýttar til að stuðla að velferð barna og ungmenna og við mótun þjónustu sem þau nota?

- Hefur farið fram greining á þessum gögnum með það að markmiði að kanna hvaða hópar barna eru í mestri hættu á að verða fyrir mismunun?
- Þegar spurningalistar eru lagðir fyrir börn eða gögnum safnað með öðrum hætti, er þá séð til þess að öll börn geti skilað inn svörum? Er hugað sérstaklega að þörfum barna með sérþarfir, börnum með annað móðurmál o.s.frv.?
- Hvernig eru niðurstöðurnar kynntar fyrir börnum?
- Er upplýsinga sérstaklega aflað um stöðu barna innan sveitarfélagsins sem tilheyra viðkvæmum hópum og hvort þau njóti réttinda sinna?

Kannar sveitarfélagið með markvissum hætti upplifun barna og ungmenna af því hvernig réttindi þeirra eru uppfyllt innan sveitarfélagsins?

Grunnpáttur 4: Þátttaka barna

Ákvörðun um að innleiða Barnasáttmálann felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitarfélag. Barnvæn sveitarfélög vinna að því að efla þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og leita eftir og nýta sér reynslu og viðhorf þeirra til að bæta þá þjónustu sem ætluð er þeim.

Samkvæmt Barnasáttmálanum ber stjórnvöldum, þ.á.m. sveitarfélögum, að hlusta eftir skoðunum barna og taka réttmætt tillit til þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hvetja börn til lýðræðislegrar þátttöku og tryggja þeim vettvang til að tjá sig á eigin forsendum. Á það við um öll mál er varða börn með einum eða öðrum hætti, svo sem í skólastarfi, félagsþjónustu, frístundastarfi og við skipulag nánasta umhverfis. Réttur barna til þátttöku er einnig tryggður í ýmsum öðrum lögum,

m.a. í barna- (nr. 76/2003), grunnskóla- (nr. 91/2008), framhaldsskóla- (nr. 92/2008), æskulýðs- (nr. 70/2007) og barnaverndarlögum (nr. 80/2002). Þó að sum lög tiltaki aldursmörk eða geri óbeint ekki ráð fyrir að ung börn hafi formlegar leiðir til áhrifa og þátttöku, þá eiga öll börn þennan rétt. Mikilvægt er að börn fái frá unga aldri þjálfun í því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, miðla málum og finna lausnir með öðrum.

Tækifæri barna og ungmenna til að hafa áhrif eru oft bundin við ólík ráð og hópa, svo sem ungmennaráð og nemendafélög. Engu að síður ber að nefna að Barnasáttmálinn tryggir öllum börnum jafnan rétt til þátttöku. Frá sjónarhorni réttinda allra barna þarf að veita ólíkum aldurshópum athygli. Leitast þarf við að hlusta á raddir ólíkra hópa, sérstaklega þeirra er standa höllum fæti eða eiga frekar á hættu að verða fyrir mismunun.

Leiðir fyrir börn til að hafa áhrif og taka þátt

Það er mikilvægt að börnum og ungmennum standi til boða ólíkar leiðir til þátttöku. Það eru ekki öll börn sem hafa áhuga á að taka þátt í ungmennaráðum eða nemendafélögum. Sum börn gætu ef til vill frekar viljað taka þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu, svo sem í skólanum þeirra eða hverfi. Sveitarfélag sem vinnur að því að innleiða Barnasáttmálann ætti að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir börn og ungmenni til að láta raddir sínar heyrast. Í stað einstakra viðburða þar sem samráð er haft við t.d. ungmennaráð eða nemendafélög, ættu samskipti og samræður á milli barna og stjórnenda sveitarfélagsins að eiga sér stað með reglulegu millibili. Mörg barnvæn sveitarfélög skipuleggja t.d. reglulegar umræður á milli barna, stjórnenda og annarra sem taka mikilvægar ákvarðanir.

Barnvæn sveitarfélög eiga að hafa skýra og markvissa verkferla fyrir samráð við börn og ungmenni vegna mála sem tekin eru fyrir innan stjórnsýslunnar. Mikilvægt er að skoða hvort þær leiðir/aðferðir til þátttöku sem eru í boði fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu séu aðgengilegar öllum börnum. Skoða þarf og greina hvort erfiðara sé fyrir ákveðna hópa

að taka þátt. Börn með greiningar og/eða skerðingar, börn af erlendum uppruna og yngri börn eru oft ólíkleg til að taka þátt í skipulögðum samráðsvettvöngum líkt og ungmennaráðum. Regluleg barnaþing þar sem hugað er sérstaklega að þátttöku barna úr viðkvæmum hópum, viðtöl við sérfræðihópa barna, sérstakar kynningar og þýðingar eru allt dæmi um leiðir til að tryggja betur tækifæri þeirra til að hafa áhrif.

Það er mjög mikilvægt að formlegar boðleiðir séu til staðar milli ungmennaráðs og kjörinna fulltrúa og embættismanna sveitarfélagsins. Tryggja þarf ungmennaráði stuðning og þá er mikilvægt að samráð stjórnsýslunnar við ungmennaráð sé í föstum skorðum og reglubundið.

Hér má benda á að bæði Akureyri og Kópavogur hafa sett upp tilkynningarhnapp vegna réttindabrota og ábendingarhnapp vegna málefna bæjarins og gert aðgengilega börnum, m.a. með markvissum kynningum. Þeim fylgja skýrir verkferlar varðandi það í hvaða ferli slíkar tilkynningar/ábendingar fara. Sjá nánar í lokaskýrslum þeirra.

Leiðbeinandi spurningalisti 4: Þátttaka barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velja þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Áætlanir og stefnumótandi skjöl

- Ganga aðgerðaáætlanir og stefnumótandi skjöl út frá því að öll svið og nefndir hlusti eftir og vinni markvisst með raddir barna og ungmenna?
- Búa öll svið yfir færni til að hlusta eftir og taka réttmætt tillit til

sjónarmiða barna og ungmenna við ákvarðanatöku?

- Er hlustað á raddir barna og ungmenna við ákvarðanatöku í málum er snerta þau?

Þjálfun starfsfólks

- Fær starfsfólk fræðslu um lagalegan grundvöll fyrir þátttöku barna og ungmenna?
- Býr starfsfólk yfir þeirri færni og þekkingu sem undirbýr þau til að stýra samráðsfundum með börnum?

Ungmennaráð

- Er ungmennaráð starfandi?
- Hafa verið settar reglur um starf ungmennaráðsins og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanir?
- Hefur sveitarstjórn reglulegt samráð við ungmennaráðið?
- Leita öll svið og nefndir með reglubundnum hætti til ungmennaráðsins?
- Hefur ungmennaráðið fjármuni til ráðstöfunar?
- Hefur ungmennaráðið fengið fræðslu um stjórnkerfi sveitarfélagsins og hvernig ákvarðanir eru teknar innan þess?
- Hefur ungmennaráðið fengið fræðslu um Barnasáttmálann og um mannréttindi almennt?
- Eru til staðar verkferlar sem tryggja að ungmennaráðið geti komið málefnum á framfæri við sveitarstjórn með formlegum hætti?
- Eru til staðar verkferlar sem tryggja að tillögur og fyrirspurnir ungmennaráðsins fái efnislega meðferð innan sveitarfélagsins?

Eru til staðar verkferlar sem tryggja að ungmennaráð fái endurgjöf frá sveitarstjórn eða öðru starfsfólki sveitarfélagsins í kjölfar þess að það leggur fram fyrirspurnir, tillögur eða kemur skoðunum sínum á framfæri með öðrum hætti?

Þátttaka annarra hópa eða einstakra barna

Eru tækifæri til þátttöku tryggð fyrir:

- Börn á ólíkum aldri?
- Börn í jaðarhópum, börn sem eiga í hættu að vera mismunað?
- Hvernig er stuðlað að þátttöku þeirra barna og ungmenna sem ekki eru hluti af skipulögðum hópum eins ungmennaráði eða stjórn nemendafélags?
- Er hlustað eftir skoðunum ólíkra hópa barna og ungmenna áður en ákvarðanir eru teknar sem tengjast þeim sérstaklega (t.d. skipulag skólastarfs, stefnumótun innan sveitarfélagsins, skipulagningu útivistar- og tómstundasvæða)?
- Geta börn og ungmenni haft frumkvæði að því að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri?
- Er börnum og ungmennum gefin tækifæri til þátttöku nógu snemma í stjórnsýsluferlinu til að tryggt sé að þátttaka þeirra hafi raunveruleg áhrif?
- Hvaða hindranir koma í veg fyrir þátttöku barna og ungmenna innan sveitarfélagsins?

Nemendafélög og skólaráð

- Eru börn meðlimir í skólaráðum í öllum grunnskólum sveitarfélagsins?

- Fá börn og starfsfólk fræðslu um skólaráð og hlutverk þess? [Hér](#) má sjá stutt fræðslumyndband um skólaráð.
- Eru fulltrúar barna í skólaráðum valdir í samræmi við reglugerð um skólaráð?
- Er starfandi stjórn nemendafélags í öllum grunnskólum sveitarfélagsins?
- Fá börn og starfsfólk fræðslu um nemendafélagið og hlutverk þess? [Hér](#) má sjá stutt fræðslumyndband um nemendafélög.
- Geta börn á öllum aldri tekið þátt í nemendafélaginu?
- Hafa stjórnir nemendafélaga í öllum grunnskólum sett sér starfsreglur, þar sem m.a. er fjallað um val á skólaráðsfulltrúum?

Þjónusta við börn

- Fá börn tækifæri til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem ætluð er þeim, t.d. velferðar- og félagsþjónustu, samgöngu- og skipulagsmálum og skóla- og frístundastarfi?
- Eru börn með í umræðum og skipulagningu þegar vinna þarf að málum sem snúa að þeim, t.d. innan skóla- og frístundastarfs?
- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á opnunartíma og aðgengi að byggingum og svæðum?

Grunnþáttur 5: Barnvæn nálgun

Til þess að sveitarfélag sé barnvænt er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna.

Mikilvægt er að auðvelda aðgengi barna að ólíkum sviðum og stofnunum sveitarfélagsins. Sérstaklega er brýnt að þjónusta sem ætluð er börnum sé barnvæn, t.d. barnavernd og félagsþjónustan. Starfsumhverfi sveitarfélagsins ætti að mótast af þörfum barna, þannig að auðvelt sé fyrir börn á öllum aldri að óska eftir aðstoð við hæfi. Þá skiptir miklu máli að börn geti sjálf leitað til starfsfólks sveitarfélagsins og fengið leiðbeiningar og ráðgjöf, án aðkomu foreldra. Enn fremur þarf að tryggja að þau svið, stofnanir sem hafa ekki augljósa tengingu við börn tileinki sér barnvæna nálgun. Umhverfis- og skipulagssvið og fjármálasvið sveitarfélags ættu að tileinka sér barnvæna nálgun ekki síður en skóla- og frístundasvið eða barnavernd.

Barnavernd

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð barna sinna og fara með forsjá þeirra. Þegar brotið er á réttindum barna eru sem betur fer flestir foreldrar færir um að aðstoða börn sín og koma fram fyrir þeirra hönd. Það er þó því miður ekki alltaf raunin. Í Barnvænu sveitarfélagi þarf að tryggja að börn geti sjálf komið ábendingum og tilkynningum á framfæri ef réttindi þeirra eru ekki virt, óháð vitneskju eða samþykki foreldra. Þær leiðir sem standa til boða í sveitarfélaginu þurfa því að vera einfaldar og barnvænar, þannig að börn geti nýtt sér þær.

Til þess að stuðla að velferð allra barna í sveitarfélaginu þarf einnig að vinna markvisst að forvörnum og fræðslu. Til dæmis þarf starfsfólk sem vinnur með börnum að fá viðeigandi þjálfun til að greina líðan barna. Þannig er hægt að bregðast rétt við og tilkynna til barnaverndar ef ástæða er til að ætla að barn hafi orðið fyrir ofbeldi, vanrækslu eða annars konar illri meðferð. Liggja þarf fyrir skýrt verklag um hvernig unnið er með slík mál.

Umhverfi og skipulag

Það er fátítt að börn og ungmenni komi að skipulagsmálum á vettvangi sveitarfélaga. Þó eru börn og ungmenni ef til vill einhverjir virkustu notendur umhverfis og samgangna. Þegar kemur að því að skipuleggja útivistarsvæði, skólalóðir, samgöngur á milli hverfa o.s.frv. búa börn yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu sem getur nýst starfsmönnum sveitarfélagsins. Eins er mikilvægt að huga að því að ákveðin svæði geta skipt börn máli, þó það sé ef til vill ekki augljóst hinum fullorðnu.

Hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga byggir á því að starfsfólk sveitarfélags tileinki sér barnvænt sjónarhorn og nálgun í störfum sínum. Það ætti að leggja sig fram við að nálgast þarfir barna og bjóða þeim að taka þátt í skipulagsferli. Á þetta sérstaklega við um þegar unnið er að skipulagi skólalóða og skólabygginga eða útivistarsvæða ætluðum börnum og ungmennum.

Benda má á barnvænt verkferli hverfaskipulags í Reykjavík:

[Skapandi samráð.](#)

Félags- og menningarleg starfsemi barna

Mikilvægt er að Barnvænt sveitarfélag styðji við félagslegt umhverfi og menningu barna með fjölbreyttum hætti. Sum sveitarfélög gera það með því að veita styrki til íþrótt- og tómstundaiðkunnar eða efla börn í að standa fyrir eigin menningarviðburðum. Barnvænt sveitarfélag ætti að leita eftir viðhorfum og skoðunum barna á því hvernig þau vilja verja frítíma sínum og stuðla að fjölbreyttu frístundastarfi. Sömuleiðis þarf að kanna aðgengi barna að menningarstofnunum innan sveitarfélagsins. Barnvænt sveitarfélag ætti einnig að styðja við menningarviðburði á vegum barna og ungmenna með því að bjóða uppá verkefnastyrki og/ eða aðstöðu. Þá er mikilvægt að huga að því hvort upplýsingar um þær tómstundir sem í boði eru séu aðgengilegar öllum börnum.

Leiðbeinandi spurningalisti 5: Barnvæn nálgun

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velta þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Þjónusta við börn

- Er markvisst leitað eftir skoðunum barna á öllum aldri við mat á þjónustu?
- Eru börn upplýst um það hvert þau geta leitað aðstoðar hjá öllum stofnunum og sviðum sveitarfélagsins? T.d. í tilvikum þar sem réttindi barna eru ekki virt eða þau eru ósátt við þá þjónustu eða aðstoð sem þeim er veitt.
- Geta börn á öllum aldri fengið upplýsingar og ráðgjöf við hæfi, án aðkomu foreldra t.d. frá skólasálfræðingi, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa o.s.frv.?
- Er umhverfi stofnana hlýlegt og barnvænt? Er tekið tillit til þarfa barna? T.d. á skrifstofu félagsþjónustu, barnaverndar?
- Geta börn komið ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri með einföldum hætti, án samþykkis foreldra? (t.d. með tilkynningahnappi/ábendingahnappi á heimasíðu sem kynnt hefur verið börnum).
- Fær starfsfólk sveitarfélagsins, sem vinnur með börnum, sérstaka þjálfun í því að greina og bregðast við ýmsum vandamálum t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri illri meðferð?

- Eru til skýrir verkferlar um tilkynningar til barnaverndar innan allra stofnana sem vinna með eða fyrir börn?

Umhverfi

- Er tekið tillit til þarfa og hagsmuna barna við skipulagningu og mótun svæða í sveitarfélaginu, s.s. íbúahverfa, almenningssvæða, opinberra svæða, göngu- og hjólastíga og vega?
- Hafa hagsmunir og sjónarmið barna áhrif á skipulagningu og ákvarðanatöku um skipulags- og umhverfismál?
- Er tekið tillit til barna á öllum aldri eða barna með sérþarfir?
 - Hafa hagsmunir, þarfir og sjónarmið barna áhrif þegar verið er að skipuleggja húsnæði og lóðir sem ætlaðar eru börnum, s.s. skóla- og frístundahúsnæði?
- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á skipulag, byggingu og breytingar á byggingum og svæðum sem ætluð eru þeim?
- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á hönnun, val á húsgögnum og leiktækjum?
- Hafa hagsmunir, þarfir og sjónarmið barna áhrif þegar verið er að skipuleggja svæði/hverfi?
 - Íbúahverfi?
 - Almenningsvæði (garðar, opin svæði)?
 - Byggð og náttúruleg græn svæði?
 - Vegi, gangstéttir og hjólastíga?
- Er tekið tillit til þarfa ólíkra hópa barna við skipulagningu og mótun almenningssvæða og er hlustað á þessa hópa?
 - Börn með fatlanir (aðgengi)
 - Börn með sérstök áhugamál (skipulagning íþróttahúsnæðis og garða).

Eru áhrif á börn metin í tengslum við:

- Svæðisskipulag?
- Skipulag samgangna og umferðar?
- Eru viðhorf og skoðanir barna tekin til greina þegar áhrif eru metin?

Félags- og menningarleg starfsemi barna

- Hvernig styður sveitarfélagið við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og ungmenna?
 - Með niðurgreiðslu á félagsgjöldum (hvatapeningum)?
 - Er upplýsingum um þessa möguleika miðlað til allra barna og ungmenna og foreldra þeirra?
- Er hugað að því að upplýsingar séu aðgengilegar á öðrum tungumálum?
- Er haldið utan um það hverjir nýta sér stuðning sveitarfélagsins? Ef já:
 - er hugað að því af hverju sumir nýta ekki styrkinn?
- Hvernig styður sveitarfélagið félags- og menningarlega starfsemi barna og ungmenna?
- Með því að styrkja verkefni sem stuðla að félags- og menningarlegri starfsemi barna?
- Með því að útvega aðstöðu/svæði fyrir slík verkefni?
- Er upplýsingum um þessa möguleika miðlað til allra, bæði fullorðinna og barna?
- Tekur stuðningur til íþrótt- og tómstundaiðkunar og félags- og menningarlegrar starfsemi barna tillit til:
 - Barna og ungmenna sem koma frá efnaminni heimilum?
 - Barna og ungmenna með fatlanir?

- Barna með sérstök áhugamál?
- Er upplýsingum um viðhorf barna til frístunda safnað?
- Er kannað hvaða hátt þau vilja verja frítíma sínum?
- Eru þessar upplýsingar nýttar við þróun verkefna og úthlutun styrkja/aðstöðu?
- Hafa forgangsatriði barna og ungmenna haft áhrif á stuðning til félags- og menningarlegrar starfsemi?
- Eru upplýsingar um íþróttir, tómstundir og aðra menningarlega starfsemi aðgengilegar börnum?
- Er framboðið sérstaklega kynnt börnum?
- Eru æfingartímar og aðrar praktískar upplýsingar aðgengilegar á öðrum tungumálum?
- Tala mismunandi svið/þjónustuaðilar/stofnanir saman þannig að þau samræmi sína þjónustu með vinnudag barnsins í huga?

VIÐAUKI 4: Drög að kynningarbréfum vegna spurningakannana

Kynningarbréf fyrir foreldra vegna þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu Barnvæn sveitarfélög

Kæru foreldrar/forsjáraðilar,

Í haust hóf (nafn sveitarfélags) vinnu við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt starf sveitarfélagsins. Innleiðingin fer fram í samstarfi við UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneytið og mun (nafn sveitarfélags) geta öðlast viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Um verkefnið

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem hefur verið innleitt í þúsundum sveitarfélaga út um allan heim frá árinu 1996. Verkefnið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og UNICEF í Finnlandi.

Þegar sveitarfélag innleiðir Barnasáttmálann með þessum markvissa hætti er markmiðið að nota Barnasáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Líkja má innleiðingunni við að starfsmenn og stjórnvaldamenn sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum.

Barnasáttmállinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna og réttinda þeirra.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins – sem byggir á fimm grunnþáttum. Þeir eru:

- Þekking á réttindum barna.
- Það sem barninu er fyrir bestu.
- Jafnræði- að horft sé til réttinda allra barna.
- Þátttaka barna.
- Barnvæn nálgun.

Innleiðingarferlið

Innleiðingarferlið er hringrás og skiptist ferlið í 8 skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að gera réttindi barna að veruleika. Þegar fyrsta hring innleiðingarferlisins er lokið, sem tekur að lágmarki tvö ár, getur sveitarfélag sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að matsnefnd Barnvænna sveitarfélaga meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun hafi verið lokið. Viðurkenningin gildir í þrjú ár

frá viðurkenningardegi en til að viðhalda henni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að þremur árum liðnum.

Samráð við börn og ungmenni

Einn mikilvægasti þátturinn í innleiðingu Barnasáttmálans í ([nafn sveitarfélags](#)) er að meta stöðu og velferð barna í sveitarfélaginu. Þetta stöðumat byggir á mörgum þáttum en ekki síst á því að leita eftir skoðunum og upplifunum barna á því hvernig hægt sé að gera bæinn að enn betri stað fyrir börn.

Börn búa yfir mjög verðmætri þekkingu á því hvað er vel gert hvað og megi gera betur. Þessa þekkingu vill sveitarfélagið nýta í innleiðingavinnunni. Sveitarfélagið mun styðjast við ólíkar leiðir til að nálgast viðhorf og skoðanir barna í ([nafn sveitarfélags](#)), m.a. verður haldið barnaþing en einnig verða lagðar fyrir spurningakannanir fyrir börn. Í könnununum er meðal annars spurt um þekkingu á réttindum barna samkvæmt Barnasáttmálanum og hvernig börnin upplifa möguleika sína til að koma skoðunum sínum á málefnum bæjarins á framfæri.

Það sem foreldrar geta gert

Foreldrar geta tekið virkan þátt í verkefninu með því að ræða við börnin sín um Barnasáttmálann og réttindi barna heima fyrir. Í þeim tilgangi má benda á vefsíðu sáttmálans, [barnasattmali.is](#) en þar má nálgast upplýsingar fyrir bæði börn og foreldra. Þá má nálgast frekari upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess [barnvaensveitarfelog.is](#)

Með von um jákvæðar undirtektir,
XXX

Kynningarbréf til barna vegna þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu Barnvæn sveitarfélög

Hæ,

Vissir þú að ([nafn sveitarfélags](#)) ætlar að innleiða Barnasáttmálann og verða Barnvæn sveitarfélag?

Hvað er Barnvæn sveitarfélag? Að verða Barnvæn sveitarfélag þýðir að bærinn þinn ætlar að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi og auka fræðslu um réttindi barna. Markmiðið er að ([nafn sveitarfélags](#)) leiti meira til barna og spyrji hvað þeim finnst áður en teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á börn, að efla jákvæð samskipti, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu milli barna og fullorðinna innan sveitarfélagsins.

Hvað er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna?

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn, er eini alþjóðlegi samningurinn sem á sérstaklega við um börn. Barnasáttmálinn var lögleiddur á Íslandi í febrúar 2013, en það þýðir að Barnasáttmálinn er jafngildur öðrum lögum í landinu og þess vegna á að fylgja honum.

Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að öll börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Þess vegna ættu allir sem koma að málefnum barna að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra.

Hvað eru réttindi og af hverju þurfum við að þekkja þau?

Í Barnasáttmálanum er sagt frá réttindum allra barna.

Öll börn í heiminum eiga rétt á vernd. Öll börn í heiminum eiga rétt á umönnun. Þau eiga rétt á því að vera í skóla og að leika sér og öll börn eiga líka rétt á því

að tjá skoðanir sínar um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og fullorðnir eiga að taka mark á þeim í samræmi við aldur og þroska barnsins.

Þegar maður býr í sveitarfélagi sem innleiðir Barnasáttmálann þá fær maður fleiri tækifæri til þess að segja sínar skoðanir og til að deila sínum hugmyndum með fólkinu sem stjórnar bænum hvernig hægt er að gera bæjarfélagið betra fyrir börn. Við vonum að þú viljir vera með í þessari vinnu og takir þátt þegar við leitum eftir þínum ráðum og hugmyndum um hvernig hægt er að gera ([nafn sveitarfélags](#)) að enn betri bæ fyrir börn.

Ef þig langar að vita meira þá endilega skoðuðu [barnasattmali.is](#) og [barnvaensveitarfelog.is](#)

Þín skoðun skiptir máli!

Kær kveðja,

XXXXX

Kynningarbréf til starfsmanna vegna þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu Barnvæn sveitarfélög

Kæri starfsmaður,

([Sveitarfélagið þitt](#)) stefnir nú að því að verða formlega viðurkennt sem Barnvænt sveitarfélag af UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneytinu. Til þess að svo geti orðið er samvinna þín og reynsla mikilvæg. Nú á sér stað gagnaöflun sem snýr að stöðu réttinda barna í ([sveitarfélaginu](#)) en á þessum gögnum verður byggt þegar útbúin verður aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að hlúa ennþá frekar að réttindum barna innan ([sveitarfélagsins](#)).

Meðfylgjandi er hlekkur á könnun sem þú ert beðin(n) um að svara sem starfsmaður ([sveitarfélagsins](#)). Markmið könnunarinnar er að kanna stöðu þekkingar og framkvæmd réttinda barna meðal starfsfólks og pólitískra fulltrúa sveitarfélagsins. Við vonum að þú svarir þeim af samviskusemi því **svör þín skipta miklu máli**. Ef þér finnst enginn svarmöguleiki í einhverri spurningu eiga nákvæmlega við um þig merktu þá við þann svarmöguleika sem þér finnst komast næst því. Vinsamlegast svaraðu öllum spurningunum. Svör þín eru **trúnaðarmál** og ekki verður hægt að rekja svör til einstakra svarenda.

Spurningalistinn er unninn af UNICEF á Íslandi og er hann unninn þannig að hægt sé að nýta hann við árangursmat á innleiðingunni. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til að gera sveitarfélagið að enn betri stað fyrir öll börn. Það tekur um 10-15 mínútur að svara könnuninni. Niðurstöðurnar verða kynntar fyrir starfsmönnum og öðrum íbúum á vef ([sveitarfélagsins](#)).

Við biðjum þig vinsamlegast um að svara könnuninni fyrir ([X dagsetningu](#)). Þá bendum við á heimasíðu verkefnisins til frekari upplýsinga; [barnvaensveitarfelog.is](#)

Með kærum þökkum fyrir þátttökuna,
stýrihópur verkefnisins

VIÐAUKI 5: Leiðbeiningar fyrir barnaþing

Barnaþing er vettvangur fyrir börn til að koma saman og ræða þau málefni sem brenna á þeim. Það er mikilvægt að hafa ungmennaráðið með í því að skipuleggja barnaþingið til að tryggja að það byggji á þeirra forsendum. Barnaþing getur verið skipulagt á ýmsa vegu og þar geta börn á öllum aldri tekið þátt. Hvert sveitarfélag hagar sínu barnaþingi eftir sínu höfði með það að markmiði þó að fá fram sem fjölbreyttastar skoðanir frá sem fjölbreyttustum hópi. Á þinginu getur verið hjálplegt að skipta þátttakendum niður í nokkra hópa sem velja sér svo sjálfir það umræðuefni sem þeir vilja ræða. Það hefur reynst vel að vera með einn fullorðinn (jafnvel kjörinn fulltrúi) í hverjum hópi. Í hverjum hópi er fullorðinn aðili í hlutverki ritara en hann á ekki að stýra umræðum heldur einungis hjálpa ungmennunum að komast áfram ef samtalið strandar.

Dæmi um dagskrá barnaþings:

- Setning og ávarp
- Erindi ungmennis úr sveitarfélaginu
- Málstofur (ungmennum skipt í hópa og þau velja umræðuefnið sjálf)
- Hlé (jafnvel boðið upp á hressingu)
- Nýjar málstofur (nýir hópar og ný umræðuefni)
- Niðurstöður kynntar (ein leið er að hóparnir búa til veggspjald og hengja upp, þátttakendur ganga á milli veggspjalda og kynna sér niðurstöður)
- Kosning (ein leið er að þátttakendur fá ákveðið magn af litlum

límmiðum til að dreifa og líma við þau veggspjöld sem fjalla um það sem þeim finnst mikilvægast að sé gert)

- Slit

Þegar hafist er handa við að skipuleggja barnaþing, mælir UNICEF með því að leitast verði við því að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvar á barnaþingið að vera? Hvaða dag? Klukkan hvað?
- Hvaða fullorðnu aðilar eiga að sitja barnaþingið?
- Ætla ráðamenn að ávarpa þingið?
- Hvernig verður utanumhaldinu á þinginu hagað?
- Hvaða málefni eru það sem óskað er eftir viðhorfum barna á?
- Hvaða börn eru það sem leitast er eftir að ná til? Á hvaða aldri ættu þau að vera? Hvernig verður auglýst eftir þátttakendum? Hversu margir geta þátttakendur verið?
- **Tilgangur** – Hvert er markmiðið með barnaþinginu? Mikilvægt er að markmiðið sé skýrt þegar barnaþingið er auglýst, svo að börnin átti sig á því.
- **Stuðningur** – Ef verið er að ræða við börn sem eru í viðkvæmri stöðu er mjög mikilvægt að viðeigandi stuðningur sé til staðar fyrir þau á þinginu.
- **Niðurstöður** – Hvernig koma niðurstöður þingsins til með að vera notaðar? Börnin ganga út frá því að búið sé að hugsa allt ferlið í heild

sinni. Þau koma til með að vilja vita hvað verður gert með „þeirra“ hugsanir, hugleiðingar, skoðanir og upplifanir. Hvað verður gert við þeirra framlag og hvernig verður það framsett? Útskýra þarf þetta strax í upphafi þannig að börnin hafi skýra mynd á afrakstrinum/niðurstöðunum.

- **Tæki** – Hvaða tæki og tól á að notast við og hvernig á að skrásetja niðurstöðurnar? Á að taka niður punkta, búa til myndbönd eða hljóðritanir?

Undirbúningur

Mikilvægt er að setjast niður með þeim sem koma til með að vera með utanumhald á þinginu og fara yfir skipulagið. Ákveða þarf þá málaflokka sem eiga að vera til umræðu. Þeir málaflokkar sem ungmennaráðið/bæjarstjórnin/stýrihópurinn vill ræða ættu að vera komnir á blað útprentað, með þeim spurningum sem hægt er að nota sem kveikju í umræðunum. Velja þarf umræðuhópsstjóra og ritara fyrir hvern hóp til þess að taka saman niðurstöður umræðna.

Málaflokkar – dæmi

Hér má sjá dæmi um málaflokk og spurningar sem hægt er að nota til að viðhalda umræðunni í hópnum:

Andleg heilsa ungs fólks í bænum/sveitarfélaginu – Þjónusta og aðgengi:

- Hvernig myndirðu hjálpa vin sem glímir við andleg veikindi?
- Hvar er hægt að fá hjálp?
- Hvernig er aðgengi að hjálp? Auðvelt eða erfitt?
- Hvernig er hægt að betrubæta aðgengi að hjálp? En fræðslu?
- Er dýrt að fá hjálp? Hvað finnst ykkur um það?
- Finnst ykkur vera fordómar gagnvart fólki með andleg veikindi?
- Vitið þið hvað hjálparsíminn er? 1717

Staðsetning

Gott er að nýta skólahúsnæði fyrir stórfundi/þing þar sem hægt að setja upp skólastofur með borðum og stólum fyrir alla. Eða færa borðin og umræðuhópurinn getur setið í hring og þá sjá allir framan í alla. Það getur gefið umræðunum meiri dýpt.

Umræðustjórar

Hlutverk umræðustjórans er að taka á móti öllum sem eru í hópnum, kynna sitt hlutverk og ritarans, passa uppá tímann, kynna markmiðið með fundinum og gefa öllum tækifæri á að kynna sig innan hópsins. Gott er að vera með stutt hópefli eða nafnaleik í upphafi. Sömuleiðis sér umræðustjórinn um að leiða hópinn áfram inn í umræðuna. Hann þarf að geta beðið um hljóð þegar þarf eða hvetja alla áfram í hópnum. Umræðustjórinn á ekki að einoka umræðuna, dæma umræðuna né draga umræðuna saman. Hann á að spyrja spurninga og veita öllum athygli þegar þeir eru að koma sínum skoðunum á framfæri.

Mjög mikilvægt er að allir umræðustjórar séu búnir að kynna sér málaflokkinn/málaflokkana og lesi yfir þær spurningar sem hægt er að nota til að viðhalda umræðunni ef þarf. Gott er að hitta alla þá sem eru umræðustjórar og fara yfir þeirra hlutverk áður en þingið er haldið.

Nokkur atriði sem vert er að hafa á bak við eyrað þegar skapa á öruggt umhverfi fyrir þátttakendurna:

- Enginn hefur rangt fyrir sér.
- Allar skoðanir eiga rétt á sér.
- Ekki nota orðið „Nei“.
- Líttu á jákvæðu hliðarnar.
- Hópurinn er ekki saman kominn til þess að standa í rökræðum heldur til þess að finna lausnir.

Ritarar

Mjög mikilvægt er að allir ritarar séu búnir að kynna sér málaflokkinn/ málaflokkana saman og lesi yfir þær spurningar sem búið er að útbúa fyrir umræðuhópinn. Ritarar þurfa að geta dregið umræðuna saman í greinargóða punkta og leita eftir að setja mikilvægar upplýsingar á blað á hlutlausan hátt. Mikilvægt er að þau atriði sem hópurinn telur þurfa að koma fram séu sett niður á blað. Gott er að hitta alla þá sem eru ritarar og fara yfir þeirra hlutverk áður en þingið er haldið.

Niðurstöður þings

Huga þarf að því hvernig eigi að koma niðurstöðum þingsins áleiðis til þeirra aðila sem þurfa á þeim að halda og sömuleiðis til þeirra sem tóku ekki þátt í fundinum. Skoða þarf hvaða leiðir er hægt að nýta til þess s.s. heimasíðu sveitarfélagsins, samfélagsmiðla, eftir þekktum boðleiðum innan stjórnsýslunnar, frétt í bæjarblaðið o.s.frv.



VIÐAUKI 6: Samtal við sérfræðihópa barna og ungmenna

Leiðbeiningar sem gefnar voru út af umboðsmanni barna með athugasemdum frá UNICEF á Íslandi varðandi vernd barna og rannsóknaraðferðir.

Umboðsmaður barna leggur mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um rétt barna til þess að tjá sig og skylduna til þess að taka tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Börn eru sjálf sérfræðingar í því að vera börn og skiptir því miklu máli að þau fái tækifæri til þess að hafa áhrif á eigið líf sem og samfélagið í heild. Þátttaka barna eflir ekki einungis þroska þeirra sjálfra, heldur er það enn fremur mikilvægt fyrir samfélagið í heild að nýta þá einstöku sýn, reynslu og þekkingu sem börn búa yfir. Það ætti í raun aldrei að taka mikilvægar ákvarðanir sem varða börn án þess að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra sjálfra og tillit sé tekið til þeirra. Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að vera opinber talsmaður fyrir öll börn á Íslandi, en til þess að geta sinnt því hlutverki þarf hann að vera í góðu sambandi við börn og hlusta á reynslu þeirra og skoðanir.

Hér höfum við tekið saman efni sem er þýtt og staðfært, í þeim tilgangi að auðvelda öllum þeim sem vinna með börnum og ungu fólki, að ræða við þau á lýðræðislegum vettvangi, um málefni sem snúa að þeim.

Stuðst er við efni frá umboðsmönnum barna bæði í Svíþjóð og í Noregi. Markmiðið er að efla þá sem starfa með börnum og ungu fólki að hlusta á skoðanir og reynslu þeirra, án þess að reyna hafa áhrif á þau, beint eða óbeint.

Áætlun fyrir framkvæmd sérfræðihópaviðtala

Þegar verið er að leita eftir viðhorfum barna um tiltekin málefni þarf að vera búið að afmarka það efni sem á að taka til umfjöllunar og vinna með. Þá er ákaflega mikilvægt að setja upp áætlun um verkefnið.

Sú áætlun gæti litið nokkurn veginn svona út:

1. Undirbúningur
2. Upplýsingaöflun og samskipti við börn og ungt fólk
3. Upplýsingafundur
4. Skipulagning á fyrsta samtali sérfræðihóps
5. Fyrsta samtal sérfræðihóps
6. Úrvinnsla
7. Eftirfylgni

1. Undirbúningur

Áður en að viðtöl við sérfræðihópa barna fara fram er nauðsynlegt að leita svara við eftirfarandi spurningum:

- **Málefni** – Hvaða málefni eru það sem óskað er eftir viðhorfum barna á?
- **Meta** þarf mögulega áhættu sem barni gæti stafað af þátttöku. Tilgreina þarf hvernig bregðast skuli við ef upp koma vandamál.

- **Val á hópi** – Hvaða börn eru það sem leitast er eftir að ná til? Á hvaða aldri ættu þau að vera? Hversu mörg ættu þau að vera?
- **Fjöldi barna fer eftir aldri þeirra.** Betri árangur næst í minni hópum með yngri börn, en hópurinn má þó ekki vera of lítil. Hægt er að miða við 4 – 6 þátttakendur til 10 ára aldurs og 8 þátttakendur fyrir eldri börn.
- Huga þarf að því að **aldursbil** innan hópsins sé **ekki of breitt**, þar sem geta barnanna og skilningur getur verið ólíkur eftir aldri. Aldur er þó ekki eina viðmiðið þar um.
- Einnig þarf að hafa í huga **hvort börnin þekkist persónulega.** Eftir því sem umræðuefnið er viðkvæmara verður mikilvægara að þátttakendur þekkist ekki.
- **Áhættumat** – Hvað gerum við ef eitthvað fer úrskeiðis?
- **Tilgangur** – Hvert er markmiðið með því að ræða við börnin? Mikilvægt er að markmiðið sé skýrt þegar haft er samband við börnin, svo að þau átti sig á því hver þeirra aðkoma er og af hverju hún er mikilvæg.
- Börnin þurfa að fá **upplýsingar um tilgang og markmið** viðtalanna, ásamt því hvernig upplýsingarnar verða nýttar. Þau þurfa að veita skriflegt, upplýst samþykki fyrir þátttöku.
- **Stuðningur** – Ef verið er að ræða við börn sem eru í viðkvæmri stöðu er mjög mikilvægt að viðeigandi stuðningur sé til staðar fyrir þau. Þeir aðilar sem gætu veitt slíkan stuðning ættu mögulega að taka þátt í framkvæmd viðtalanna og tilbúnir að bregðast við. Því þarf að vera með þá aðila sem mögulega gætu þurft að koma að, tilbúna.
- Það **fer eftir aðstæðum hver sá aðili er** og hvert hlutverk hans er. Ef börn eru á grunnskólaaldri gæti t.d. skólasálfræðingur eða sálfræðingur á heilsugæslu verið til taks. Það gætu líka verið aðilar hjá félagsþjónustu eða barnavernd. Ef samtalið er um mjög viðkvæm málefni er nauðsynlegt að hafa fagaðila á staðnum sem getur fylgst með streitumerkjum og stutt bæði samtalið og börnin.
- **Skýrt ferli** þarf að vera til staðar fyrir barn til þess að leita aðstoðar og góðar upplýsingar til barns. Jafnframt þarf að vera ferli til staðar fyrir starfsmann sem þarf að tilkynna um möguleg brot gegn barni.
- Ef samtalið fjallar um viðkvæm málefni getur jafnframt verið gott að hafa **leið fyrir börnin til þess að yfirgefa samtalið tímabundið eða alveg**, t.d. með því að hafa stað og starfsmann sem börnin mega leita til á meðan samtalinu stendur.
- **Virða** þarf viðeigandi **mörk** hvað varðar persónuleg samskipti við börn.
- **Niðurstöður** – Hvernig koma niðurstöður verkefnisins til með að vera notaðar? Börnin ganga út frá því að búið sé að hugsa allt ferlið í heild sinni. Þau koma til með að vilja vita hvað verður gert með „þeirra“ hugsanir, hugleiðingar, skoðanir og upplifanir. Hvað verður gert við þeirra framlag og hvernig verður það framsett? Þetta þarf að útskýra þannig að börnin hafi skýra mynd af afrakstrinum/niðurstöðunum.
- Þessu tengt þarf að **undirbúa** af kostgæfni þær **spurningar** sem leggja á fram.
- **Þjálfun** – Þarf að þjálf þá starfsmenn sem koma til með að vinna að verkefninu? Nauðsynlegt er að allir þeir sem að koma að verkefninu fái þjálfun í þeim aðferðum sem á að notast við og fái tækifæri til þess að efla þá færni sem er nauðsynlegt til að geta framkvæmt viðtalið.

- Þau sem stýra sérfræðihópum þurfa að hafa **grundvallarþekkingu á eigindlegum rannsóknaraðferðum**, s.s. **að spyrja opinna spurninga og hlusta**. Að forðast leiðandi spurningar og að leggja börnum orð í munn.
- Það er mikilvægt að **vernda einkalíf barna**. Spurningar þurfa að vera þannig úr garði gerðar að þær kalli ekki á svör sem ekki er við hæfi eða öruggt að barn deili í hópi.
- **Reynsla af störfum með börnum er mikilvæg** og nauðsynlegt að hafa þekkingu til þess að meta svör þeirra út frá aldri og þroska. Þá er jákvætt viðhorf til barna og ungmenna mikilvægt til að tryggja jákvæða reynslu þeirra.
- Jafnframt þarf að vera til staðar **þekking á persónuvernd** og vernd viðkvæmra gagna.
- **Tæki** – Hvaða tæki og tól á að notast við og hvernig á að skrásetja niðurstöðurnar? Á að taka niður punkta, búa til myndbönd eða hljóðritanir?
- Jafnframt þarf að **huga að öruggu umhverfi barnanna** sem taka þátt.
- Hvernig á að koma á **upplýsingaflæði** milli starfsfólks og þátttakenda í sérfræðihópum? Breytingar taka oft langan tíma. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að vera búin að útlista hvernig skuli koma upplýsingum áleiðis til þeirra sem taka þátt í sérfræðihópum. Þátttakendur þurfa að fá upplýsingar um hvernig niðurstöður verða kynntar.

- **Endurgjöf** er hluti af því að skýra tilgang verkefnisins fyrir börnum. Jafnvel þótt niðurstöður samtals við sérfræðihóp verði aldrei gerðar opinberar er mikilvægt að fylgja samtalinu eftir með upplýsingum um hvernig samtalið nýttist í vinnu sveitarfélagsins. Áður en lagt er af stað þarf að ákveða á hvaða tímapunkti verði haft samband aftur við þátttakendur og á hvaða forsendum.

Hafa ber í huga

Mikilvægt er að gefa sér tíma til ígrundunar á meðan á undirbúnings- tímabilinu stendur þannig að allir sem koma að undirbúningi séu kunnugir þeim aðferðum sem beita skal við framkvæmd viðtalanna. Til þess að þessi hugmyndafræði hafi áhrif þurfa allir þeir sem koma að þessari framkvæmd að hafa trú á henni og geta sýnt að þeir séu í raun að hlusta á þátttakendur.

Valið á umfjöllunarefninu og þeim einstaklingum sem munu taka þátt í því, þarf að taka mið af því að börnin séu sérfræðingar í sínu umhverfi og búi yfir þekkingu sem hvergi er hægt að ná fram nema með því að hlusta á þau.

2. Upplýsingar og tengsl við börn og ungmenni

Að vera í samskiptum við börn og ungmenni krefst aukins tíma. Góðar, lýsandi og haldbærar upplýsingar um verkefnið eru nauðsynlegar þegar verið er að ræða við mögulega þátttakendur í verkefninu. Ekki má gleyma því að það getur verið mikilvægt að koma upplýsingum áleiðis til foreldra eða annarra sem eru með börn í sinni umsjá.

- Skoða þarf vel hvaða leiðir skuli nota til að nálgast börnin og ungmennin sem eru sérfróð um það málefni sem kanna skal. Í sumum tilfellum er nóg að nálgast þau í sínu daglega umhverfi. Stundum er nauðsynlegt að kanna hvar hægt er að nálgast börn og ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu.
- Þegar boðleiðir sem notast á við að nálgast börn og ungmenni eru skýrar, þarf að hugleiða hvernig upplýsingum er komið áleiðis, hvort sem það er gert skriflega eða munnlega. Skriflegar upplýsingar, svo sem tölvupóstur, gera það að verkum að viðtakandinn getur séð upplýsingarnar hvenær sem er og eins oft og hann þarf. Símtöl eru góð til þess að kanna hvort að viðtakandinn hafi skilið allar upplýsingarnar og er kjörið til þess að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma.
- Að kalla saman hóp barna og ungmenna, í þeim tilgangi að fá þeirra skoðanir, hugleiðingar og upplifanir, getur kallað á samþykki forsjáraðila. Mikilvægt er að tryggja að tekið sé tillit til aldurs og þroska þátttakenda til að þeir geti gefið upplýst samþykki fyrir þátttöku. Eftir atvikum þarf að meta hvort að leita þurfi eftir samþykki forsjáraðila.
- Samþykki forsjáraðila má ekki eitt og sér standa í vegi fyrir þátttöku barns. Því þarf að vega og meta vægi slíks mats. Forsjáraðilar eru í sumum tilfellum best til þess fallnir að meta með barninu hvort þátttaka sé góður kostur. Í öðrum tilfellum gætu þeir staðið í vegi fyrir þátttöku barnsins gegn vilja þess.
- Aðlaga þarf allar upplýsingar til þátttakenda eftir aldri og þroska þeirra. Upplýsingar þurfa að vera hnitmiðaðar, stuttar og skýrar. Lýsa þarf hvert markmið verkefnisins er og hvernig eigi að nota niðurstöður þess. Í bréfinu ætti að koma fram hvort þátttakendur geti tekið þátt nafnlaust eða ekki.

- Ganga þarf úr skugga hvort að þátttakendur hafi fengið bréfið. Skýrt þarf að koma fram í bréfinu hvort að viðtakandi þurfi að senda einhverjar upplýsingar tilbaka eða hvort að umsjónarmenn verkefnisins muni hafa samband.

Hafa ber í huga

Í vissum tilvikum er hægt að hafa samband við aðila, félagasamtök og stofnanir til þess að nálgast börn og ungmenni.

Þegar verið er að skipuleggja fyrsta upplýsingafundinn er gott að útbúa gátlista yfir mikilvæga hluti sem þarf að fara yfir með þeim sem bera ábyrgð á barninu eða ungmenninu. Til dæmis þarf að skoða hvort það þurfi túlk eða stuðningsaðila fyrir börn eða ungmenni sem eru með sérþarfir, til þess að þau hafi tök á því að vera virk og taka þátt í fyrsta upplýsingafundinum.

3. Halda fyrsta upplýsingafundinn

- Markmiðið með því að halda upplýsingafund í upphafi verkefnis er að veita þeim börnum og ungmönnum sem eru að taka þátt innsýn í hvað verkefnið snýst um og til þess að koma á tengslum við þá sem vinna að verkefninu. Jafnvel þó að bréf hafi verið sent út er ekki víst að allir hafi lesið það eða meðtekið þær upplýsingar sem í bréfinu eru. Því mun þessi fundur leggja línurnar fyrir góða samvinnu og jákvæð samskipti. Eins er þessi fundur fyrsta tækifærið fyrir alla að hittast.
- Gott er að byrja á því að sitja í hring og gefa öllum tækifæri til þess að kynna sig með nafni og uppáhaldslit eða mat.
- Útskýra þarf hvert markmiðið með verkefninu er og hvers vegna hugleiðingar, skoðanir og upplifanir þeirra barna og ungmenna sem taka þátt í verkefninu eru mikilvægar. Útskýra þarf hver hefur aðgang

að þeim upplýsingum og hvort að þátttakendur séu nafnlausir.

- Upplýsa þarf um samtölin/vinnufundina, hvar, hvenær, og klukkan hvað þeir fari fram.
- Útskýra þarf hvernig niðurstöðum verði komið til allra þátttakenda og þeirra sem að verkefninu standa.
- Skapa þarf rými til umræðna og spurninga.
- Skapa þarf tækifæri fyrir þau börn og ungmenni sem þegar eru búin að taka ákvörðun um sína þátttöku, til að skrá sig. Allir þeir sem þurfa frekar umhugsunartíma geta verið í sambandi fyrir vissa dagsetningu. Mikilvægt er að þátttakendur skilji og viti að þeir geta sagt sig frá verkefninu hvenær sem er.
- Dreifa skal nafnspöldum með tengiliðaupplýsingum um hvernig þátttakendur geta haft samband við umsjónaraðila verkefnisins.

Hafa ber í huga

Í sumum tilfellum er betra að hitta börn og ungmenni án þess að það séu aðrir fullorðnir með í för. Þannig skapast oft rými fyrir þátttakendur til þess að taka sínar eigin ákvarðanir varðandi þátttöku sína í verkefninu. Halda skal fundartíma innan tímamarka, hafa fundinn hnitmiðaðan. Takmarka skal umræður og geyma þær fyrir fyrsta vinnufundinn. Mikilvægt er að fara yfir tilkynningarskyldu til barnaverndar með þátttakendum. Þannig fá þau umhugsunarfrest með þátttökuna og vita það fyrirfram að tilkynningarskylda þeirra sem standa að verkefninu geti komið til álita.

4. Skipulagning á fyrsta samtali sérfræðihóps

- Aðlaga þarf vinnufundinn eftir því hvernig hópurinn er samsettur, eftir þroska og aldri þeirra sem í hópnum eru. Þátttakendur ættu að vinna í litlum hópum og samkvæmt þessari hugmyndafræði eru 6-8 einstaklingar í hóp, kjörin stærð. Gott er að reyna að hafa þá sem eru í hópnum á svipuðum aldri ef hægt er að koma því þannig fyrir.
- Mikilvægt er að vera búinn að fá þau leyfi sem til þarf frá þátttakendum sjálfum og/eða forsjáraðilum þeirra.
- Finna þarf hentuga tímasetningu fyrir fundinn sem skarast sem minnst á við skólatíma og frístundir þátttakendanna. Áætla þarf að minnsta kosti 4 tíma fyrir þennan fund.
- Bóka þarf aðstöðu sem er hlutlaust svæði fyrir þátttakendurna, þannig upplifa þátttakendur sig frjálssari að tjá sínar skoðanir og ræða sínar upplifanir. Ekki er gott að vera með hóp einstaklinga til þess að ræða einelti í skólanum og funda í skólanum. Það yrði hópnum íþyngjandi. Undirbúa þarf mat og drykk og passa að hann sé góður og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Gott er að bjóða upp á eitthvað sem telst eftirsóknarvert.
- Huga þarf að ferðatilhögun þátttakendanna á fundinn. Ef borga þarf ferðakostnað þarf að vera með öll skjöl tiltæk og sjá um þær bókanir sem þarf.
- Skipuleggjendur eru í sambandi við þátttakendurna og koma öllum upplýsingum sem þeir þurfa að hafa til þeirra fyrir fundinn, þannig að allir séu með allar upplýsingar tiltækar sem notast á við á fundinum.
- Skoða þarf tryggingarmál ef svo ber undir og hvort að þurfi að bæta við einhverjum tryggingum fyrir hópinn.

Hafa ber í huga

Þessi undirbúningur getur verið mjög tímafrekur. Það þarf að gefa sér góðan tíma til að senda út upplýsingabréf/pósta og fylgja þeim svo eftir með símtölum. Stundum þarf að hringja nokkrum sinnum til þess að fullvissa sig um að allir séu að fá þær upplýsingar sem þarf fyrir fundinn. Vera þarf vakandi fyrir öðrum leiðum til þess að vera í samskiptum við þátttakendur og forsjáðila þeirra þar sem að það eru ekki allir vanir því að fá upplýsingar í símtali eða í bréfi/pósti. Ef til vill þarf að túlka, þýða eða gefa rýmri tíma til þess að melta upplýsingarnar. Ef fullorðinn kemur með þátttakenda, á fundinn þarf að vera búinn að undirbúa þann fullorðna fyrir fundinn. Sérstaklega í ljósi þess að sá fullorðni getur ekki verið á fundinum sjálfum því hans viðvera getur haft áhrif á hversu opinskátt börnin og ungmenntin geti tjáð sig.

Ef fundurinn fer fram á skólatíma þarf að vera búinn að tryggja að þátttakendur hafi fengið leyfi í skólanum.

5. Fyrsta samtal sérfræðihóps

Fyrir fyrsta vinnufund þarf að vera búinn að skipuleggja öll hagnýt mál, líkt og panta fundarstað, ákveða fundartíma, ferðatilhögun þátttakenda og þeirra sem vinna að verkefninu og öll tilskilin leyfi þurfa að vera til staðar. Vinnuaðferðir þurfa að vera komnar á hreint og dagskráin sömuleiðis. Ekki má gleyma í allri skipulagningu að skapa svigrúm til þess að bregðast við breytingu á dagskrá og tíma.

- Það er mikilvægt að minna hópinn á að trúnaður ríki um samtalið.
- Spurningarammi þarf að liggja fyrir og spurningarnar þurfa að vera í samræmi við tilgang og tilefni samtalsins. Huga þarf að því að spurningarnar séu opnar og að svörin kalli ekki á að þátttakendur deili viðkvæmum persónulegum upplýsingum.

- Starfsmenn sem leiða samtal sérfræðihópa þurfa að gæta hlutleysis og forðast leiðandi spurningar. Börnunum á ekki að líða eins og þau séu í viðtali, heldur eiga þau að deila sínum skoðunum sem sérfræðingar í eigin málefnum.
- Það er mikilvægt að tryggja öllum þátttakendum tækifæri til þess að tjá sig.
- Það er hægt að hafa einn eða fleiri starfsmenn sem leiða umræðu sérfræðihópsins. Ef það eru tveir hefur annar það hlutverk að leiða samtalið áfram og hinn að gæta þess að spurningar séu settar fram sem ætlunin er að fá svör við.

6. Úrvinnsla á samtali

- Áður en lagt er af stað þarf að liggja ljóst fyrir hvernig úrvinnsla samtalsins fer fram og hvernig gögnin verða nýtt í framhaldinu. Ef samtalið er tekið upp, þarf að ákveða hvort skrifa eigi samtalið orðrétt upp eða hvort aðeins hluti gagnanna verði nýttur til að setja fram niðurstöður. Starfsmaður þarf að forðast að túlka orð barnanna eða setja þau í annað samhengi en þau voru ætluð.
- Mikilvægt er að úrvinnsla og nýting gagna liggi fyrir áður en samtalið fer fram.
- Taka þarf ákvörðun um hvort samtalið sé tekið upp, hvernig tryggja eigi að upptakan sé örugg, og hvernig unnið verði úr upptökunni. Ef upptakan þjónar engum tilgangi skal sleppa henni.
- Starfsmenn sem vinna úr upplýsingum sem verða til í samtali sérfræðihópa þurfa að gæta hlutleysis og forðast að taka orð barnanna úr samhengi.

7. Eftirfylgni

- Upplýsa þarf börn um það hvernig upplýsingarnar sem þau veittu voru nýttar. Gott er að hafa samband fljótlega eftir að samtal sérfræðihópsins fer fram og mögulega við fleiri tækifæri í ferlinu svo þau fái tækifæri til að skilja hvaða áhrif upplýsingarnar höfðu.

Viðbótarupplýsingar byggja á eftirfarandi heimildum:

UNICEF (2021) Stefna UNICEF um vernd barna í starfi samtakanna. Óútgefið.

Gibson, Faith (2007) Conducting focus groups with children and young people: strategies for success. Journal of Research in Nursing. London, Sage Publications.

Hennessy, E., Heary, C. (2005) Exploring children's views through focus groups. Í Greene., Hogan, D. (ritstj.) Researching Children's Experience: Approaches and Methods. London, Sage Publications.




VIÐAUKI 7: Leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar

Til þess að einfalda vinnuna við gerð aðgerðaáætlana og samræma útlit þeirra hafa eftirfarandi leiðbeiningar verið settar upp. Einnig getur verið gagnlegt að skoða aðgerðaáætlanir þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa hlotið viðurkenningu en það eru opinber skjöl. Við gerð aðgerðaáætlunar þarf að huga að mörgu. Það er mikilvægt að aðgerðirnar séu blanda af stórum langtímaaðgerðum sem geta verið kerfislegar eða í eðli sínu „fjarlæggar“ börnunum sjálfum og aðgerðum sem eru minni og börnin sjá árangur af í rauntíma. Það er mikilvægt að ungmenni taki þátt í vinnunni við gerð áætlunarinnar (það eru auðvitað ungmenni í stýrihópi) og að hún sé lögð fyrir ungmennaráð til umsagnar og samþykkis. Þegar stýrihópur og ungmennaráð eru orðin sátt við aðgerðaáætlunina er hún send til UNICEF til umsagnar. Það er mikilvægt að þetta sé gert áður en áætlunin er send til sveitarstjórnar til samþykkis og áður en hún er kynnt innan sveitarfélagsins vegna þess að hún tekur líklega einhverjum breytingum eftir umsögn frá UNICEF. Eftir það er áætlunin uppfærð og svo send aftur til UNICEF til lokasamþykkis. Þegar lokasamþykki er komið frá UNICEF er áætlunin lögð fyrir sveitarstjórn til samþykkis. Þegar hún hefur verið samþykkt er áætlunin kynnt innan sveitarfélagsins. Hér að neðan má sjá þetta ferli sett upp á myndrænan hátt.

Samsetning aðgerða í aðgerðaáætlun

UNICEF gerir þær kröfur að sérstaklega sé hugað að samsetningu aðgerða. Þannig eiga í hverri aðgerðaáætlun að vera að finna aðgerðir sem stuðla að öllum grunnpáttum verkefnisins. Þ.e.a.s. aðgerðir sem **a)** stuðla að aukinni þekkingu á réttindum barna, **b)** stuðla að aukinni þátttöku barna og tækifærum til að hafa áhrif, **c)** styðja við viðkvæma hópa barna og stuðla þannig að jafnræði, **d)** gera umhverfi barnvænna með barnvænni nálgun og e) stuðla að innleiðingu barnvæns hagsmunamats. Einnig þarf að sýna fram á að stöðumatið sé nýtt við gerð aðgerðaáætlunar, þó að einnig megi vísa í önnur gögn. Þannig þarf að vísa í niðurstöður leiðbeinandi spurningalista, niðurstöður spurningakannana, niðurstöður barnaþings og niðurstöður viðtala við sérfræðihópa barna. [Á bls. 25](#) er að finna sérstaka töflu sem gagnlegt er að nota þegar aðgerðaáætlun er sett saman til að tryggja fjölbreytni aðgerða.

Mikilvægt er að umsjónarmaður noti sérstakt sniðmát fyrir gerð aðgerðaáætlunar sem nálgast má hjá UNICEF.



Hér má sjá útlistun á því hvaða þættir þurfa að koma fram þegar aðgerðaáætlun er sett upp.

Útlistun á aðgerð og nákvæm lýsing

Þegar aðgerð er sett í aðgerðaáætlun er mikilvægt að hún sé skýr svo auðvelt sé að sjá hvort henni sé lokið eða ekki þegar að úttekt kemur. Yfirskrift aðgerðarinnar skal vera lýsandi en nánari útlistun kemur svo fram í sérstökum lið. Ef aðgerð er mjög umfangsmikil og ekki er unnt að ljúka henni á tímabili áætlunarinnar er mikilvægt að það komi fram í lýsingunni og að þar sé tilgreint hvernig aðgerðin verður brotin niður og hvað verði gert á tímabili aðgerðaáætlunarinnar.

Af hverju

Við hverja aðgerð skal útlistað hvað það var í niðurstöðum stöðumatsins sem varð til þess að ákveðið var að fara í viðkomandi aðgerð. Einnig má vísa í önnur gögn sem til eru.

Ábyrgðaraðili

Með hverri aðgerð skal tilgreina ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðilinn hefur ekki það hlutverk að koma aðgerðinni í framkvæmd upp á eigin spýtur heldur er honum ætlað að vera talsmaður aðgerðarinnar og hafa yfirumsjón með henni. Í aðgerðaáætlun skal tilgreina ábyrgðaraðila og samstarfsaðila hans ef einhverjir eru. Þá er það hlutverk ábyrgðaraðila að halda utan um stöðu aðgerðarinnar og leysa úr þeim vandkvæðum sem kunna að koma upp við framkvæmdina. Því er það á ábyrgð ábyrgðaraðilans að aðgerðinni sé lokið þegar að viðurkenningu kemur. Það getur vissulega alltaf eitthvað óvænt eða óviðráðanlegt komið upp við framkvæmd aðgerða og ef það gerist sýnir UNICEF því skilning. Það er mikilvægt að ábyrgðaraðili skrái hjá sér ef slíkt kemur upp og að það sé sérstaklega útskýrt í lokaskýrslunni.

Kostnaður

Hverri aðgerð þarf að fylgja mat á kostnaði við framkvæmd hennar. Aðgerðaáætluninni skal svo fylgja sérstök kostnaðaráætlun þar sem kostnaður er tekinn saman. Bæjarstjórn tekur þá upplýsta ákvörðun varðandi kostnað þegar hún samþykkir áætlunina og getur að sama skapi gert athugasemdir vegna kostnaðar. Þá er hægt að aðlaga/breyta aðgerð ef þarf en við samþykkt áætlunarinnar er kostnaður samþykktur.

Tímarammi

Mikilvægt er að þeim aðgerðum sem settar eru fram í aðgerðaáætlun sé ætlað að vera lokið þegar að viðurkenningu (eða endurmati) kemur. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að setja inn í aðgerðaáætlun aðgerðir sem taka lengri tíma; ef um langtímaaðgerð er að ræða er mikilvægt að tilgreina hvert hún á að vera komin þegar að viðurkenningu kemur. Það er því um að ræða tvo tímaramma. Annar segir til um það hvenær sveitarfélagið stefnir á að hafa lokið öllum aðgerðum aðgerðaáætlunar, hinn snýr að tímalínu hvernar aðgerðar fyrir sig.

Tenging við Barnasáttmálann og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Mikilvægt er að hver aðgerð sé tengd við ákvæði Barnasáttmálans. Það er hins vegar valkvætt hvort að sveitarfélag kýs einnig að tengja aðgerð við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en það getur verið gagnlegt að gera það. Tengingin má vera skrifleg eða myndræn og það getur gagnast vel að nota tákn Barnasáttmálans og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna til þess að gera slíka tengingu.

VIÐAUKI 8: Leiðbeiningar við gerð lokaskýrslu

Þegar sveitarfélagið telur sig hafa lokið við þær aðgerðir sem koma fram í aðgerðaáætlun eins og best verður á kosið skilar það lokaskýrslum til UNICEF. Lokaskýrslurnar eru tvær; annars vegar lokaskýrsla stýrihópsins og hins vegar barnaskýrsla ungmennaráðs.

Lokaskýrsla stýrihóps

Markmiðið með lokaskýrslu stýrihópsins er að koma því til skila hvernig gengið hefur að framkvæma aðgerðir aðgerðaáætlunarinnar. Í skýrslunni skal gera grein fyrir því sem gekk vel ásamt því að fjalla um það sem hefði mátt ganga betur. Lokaskýrsluna notar starfshópur Barnvænna sveitarfélaga til þess að leggja mat á hvort sveitarfélagið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til Barnvænna sveitarfélaga. Gott er að byggja lokaskýrsluna á aðgerðaáætluninni, þ.e.a.s. fjalla um allar aðgerðirnar, og hvar hver aðgerð stendur í dag. Tekið skal fram hvers vegna ákveðið var að fara í tiltekna aðgerð (vísun í niðurstöður stöðumats), hvað átti að gera, hver var ábyrgðaraðili, fyrir hvaða tíma aðgerð átti að vera lokið og hvað hefur verið gert. Ef aðgerð er ekki lokið skal fylgja greinargóð skýring á því hvers vegna. Mikilvægt er að umsjónarmaður noti sérstakt sniðmát fyrir lokaskýrsluna sem hægt er að nálgast hjá UNICEF.

Barnaskýrsla

Ungmennaráðið skilar svokallaðri barnaskýrslu. Það getur verið villandi að barnaskýrslan sé kölluð skýrsla því það þarf hún ekki endilega að vera. Það er undir meðlimum ungmennaráðsins komið hvernig þau vilja gera grein fyrir því hvernig þau upplifðu innleiðingu og framgang verkefnisins. Þetta getur verið viðbót við lokaskýrslu stýrihópsins sem börnin skrifa sjálf (u.p.b. 1–2 bls.), þetta gæti verið myndræn framsetning, glærusýning, ljósmyndir, myndskleið eða hvað annað sem börnunum dettur í hug. Markmiðið með barnaskýrslunni er að börnin fái tækifæri til þess að koma á framfæri hvernig þau upplifðu sína þátttöku í verkefninu og hvaða áhrif þeim finnst verkefnið hafa haft fyrir börn í sveitarfélaginu. Til þess að UNICEF geti lagt mat á það hvort þátttaka ungmennaráðsins hafi verið merkingarbær er mikilvægt að fá þessar upplýsingar beint frá ungmennunum sjálfum.

Hér að neðan má sjá tímalínu sem sýnir það ferli sem sveitarfélög fara í gegnum þegar þau vinna með lokaskýrslurnar.

UNICEF vill einnig benda á að það getur verið gagnlegt að skoða lokaskýrslur þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa hlotið viðurkenningu UNICEF sem Barnvæn sveitarfélög.



